FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 19. JANÚAR 2018



Ógnarháir kranar trónuðu yfir tignarlegri Hallgrímskirkjunni í ljósaskiptunum þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið um miðbæinn. Ítrekað hafa verið sagðar fréttir af því undanfarna mánuði að byggingarkranar á landinu séu orðnir álíka margir og árið 2007. Þessi mynd, sem sýnir fimm slíka, er gott dæmi um þessa miklu framkvæmdagleði landans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Íslendingur í gæsluvarðhaldi í Malaga

Karlmaður á fertugsaldri er í haldi lögreglunnar á Spáni grunaður um ofbeldisbrot gegn íslenskri eiginkonu sinni. Hún er alvarlega slösuð eftir fall fram af svölum.

**LÖGREGLUMÁL** Íslenskur karlmaður á fertugsaldri hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald í Malaga á Spáni grunaður um alvarlegt ofbeldisbrot gegn þrítugri eiginkonu sinni sem einnig er íslensk.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er maðurinn grunaður um að eiga þátt í því að eiginkona hans féll fram af svölum á heimili þeirra á Spáni en hún liggur nú alvarlega slösuð á sjúkrahúsi ytra og óvíst er með bata.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi í utanríkisráðuneytinu, staðfesti í samtali við Fréttablaðið að íslenskur karlmaður hafi verið hnepptur í gæsluvarðhald í Malaga á Spáni vegna gruns um alvarlegt ofbeldisbrot. Urður vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti.

Atvikið átti sér stað fyrr í vikunni en hjónin eru nýlega flutt til Spánar og eru búsett þar ásamt ungri dóttur sinni.

Ekki hafa fengist upplýsingar um málið hjá íslenskum lögregluyfirvöldum þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir blaðsins. Málið mun vera í höndum spænsku lögreglunnar í Malaga. Komi til ákæru fer það til meðferðar hjá spænskum dómstólum. – aá

> Konan hlaut samkvæmt heimildum blaðsins áverka þegar hún féll fram af svölum á heimili þeirra hjóna fyrr í vikunni.

## Háspennulínur fæla og lóðum skilað í Skarðshlíð

**HAFNARFJÖRÐUR** Búið er að skila um þriðjungi þeirra lóða sem Hafnarfjarðarbær úthlutaði í öðrum áfanga Skarðshlíðarhverfis. Bæjarstjórinn segir ýmsar ástæður fyrir því að lóðum hafi verið skilað en fjármögnunarvandi og háspennulínur þvert yfir hverfið hafi verið gefnar upp sem ástæður.

„Það er nú eitthvað af þessu vegna þess að fólk hefur ekki getað fjármagnað þetta. Svo hef ég líka heyrt af einum sem var í óvissu um hvenær háspennulínurnar færu. Annað kann ég ekki að skýra,“ segir Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði.

Af þeim 32 lóðum sem úthlutað var hefur ellefu lóðum verið skilað aftur til bæjarins. Skarðshlíðarhverfið er um 30 hektarar að stærð og hefur staðið nánast tilbúið síðan efnahagshrunið dundi yfir á haustmánuðum fyrir hartnær áratug.

Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði, segir skipulagsbreytingar á svæðinu hafa tafið uppbyggingu hverfisins. – sa / sjá síðu 4

> Það er nú eitthvað af þessu vegna þess að fólk hefur ekki getað fjármagnað þetta.
>
> Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði



## Lukka gleypti tappa úr flugeldi

**DÝR** „Þetta er búið að vera rosa ástand síðan um áramótin eiginlega,“ segir Helga Þ. Stephensen leikari, sem á hundinn Lukku sem hún þurfti að leita með til dýralæknis áður en tappi úr flugeldi fannst í maga dýrsins.

Hegðun Lukku breyttist fljótlega eftir áramót og segir eigandi hennar að hún hafi hætt að nærast. „Þetta var svo skorið burt að lokum. Þá var þetta stærðarinnar korktappi með gati í gegn. Við nánari skoðun sáum við að þetta var líklega úr flugeldi.“ – la / sjá síðu 2



### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Bergur Ebbi skrifar um innantómar hitaeiningar. 13

**SPORT** Handboltalandsliðið hefur ekki skorað minna á stórmóti síðan á EM 2000. 16

**TÍMAMÓT** Í tilefni af því að 75 ár eru frá fæðingu söngkonunnar Janis Joplin er efnt til afmælistónleika í Gamla bíói. 18

**MENNING** Íslenskt-þýskt listapar með fjarlægar víddir í Marshallhúsinu. 22

**LÍFIÐ** Félag íslenskra samtímaljósmyndara safnar fyrir bókaútgáfu með uppboði á ljósmyndum. 34

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **GREIÐSLULEIÐIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Norðanstrekkingur á morgun með snjókomu eða éljum um landið norðanvert, en bjartviðri sunnan heiða. Áfram frost um allt land.
SJÁ SÍÐU 20



**Vesturhús OR er ónothæft sökum raka og myglu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Matsmaður fyrir OR-húsið enn ófundinn

**DÓMSMÁL** Enn hefur ekki verið skipaður dómkvaddur matsmaður til að meta galla og tjón á vesturhúsi Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Fyrirtækið lagði fram matsbeiðni fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur þann 20. september síðastliðinn.

Matsmanni er ætlað að meta kostnað við úrbætur á göllum á húsinu og skila af sér rökstuddu áliti. Orkuveitan hefur greint frá að matið kunni að vera notað í dómsmáli þar sem farið verður fram á bætur frá matsþola, sem í þessu tilfelli eru ellefu fyrirtæki sem ýmist komu að hönnun, framkvæmdum eða útveguðu byggingarefni í höfuðstöðvar OR við Bæjarháls á sínum tíma.

Hinn 20. nóvember greindi OR frá því að ákveðið hefði verið að kaupa aftur höfuðstöðvar fyrirtækisins af fasteignafélaginu Fossi á 5,5 milljarða króna. Endurkaupin eru forsenda þess að hægt sé að hrinda í framkvæmd einhverjum þeirra sex valkosta sem lagðir hafa verið til að endurbótum á vesturhúsinu. Áætlaður kostnaður við þessa valkosti er frá 1,5 til þriggja milljarða króna.

Samkvæmt upplýsingum frá OR hefur engin ákvörðun verið tekin um hver kostanna verði fyrir valinu. **– smj**

# Perlað fyrir krabbameinssjúka




**Þessi hópur starfsmanna Krafts og sjálfboðaliða var á fullu við að perla armbönd sem á stendur „Lífið er núna“ þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í húsnæði samtakanna í Skógarhlíð í gær. Þau eru seld á kraftur.org til stuðnings ungu fólki með krabbamein.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Erfiðara að fá læknistíma út af Læknadögum

**SAMFÉLAG** Aukið álag hefur verið á heilsugæslustöðvum þessa viku meðan Læknadagar standa yfir.

„Þegar Læknadagarnir eru þá reynum við eftir fremsta megni að sjá um að flestir læknar geti farið á sem flest vegna þess að þetta er bæði gefandi og gagnlegt,“ segir Óskar Sesar Reykdalsson, framkvæmdastjóri lækninga hjá heilsugæslunni.

Óskar segir reynt að aðlaga tímabókanir hjá læknum að Læknadögum eins og hægt er. „En það er næstum því helmingur allra lækna hjá okkur sem er að jafnaði inni á Læknadögum á hverri stundu, en menn hafa skipt þessu með sér og fara ýmist fyrir eða eftir hádegi.“ Óskar bendir á að það sé alltaf hægt að fá viðtal við hjúkrunarfræðing og síðdegismóttakan sé einnig opin. **– aá**




# Rusl úr flugeldi dró Lukku nærri til dauða

**Helga Þ. Stephensen þurfti að leita til dýralæknis nokkrum sinnum áður en tappi úr flugeldi fannst loks í maga Lukku, og var fjarlægður. Dýrin eiga það til að éta ýmsa aðskotahluti sem þeim getur svo reynst ómögulegt að melta.**

**DÝR** „Þetta er búið að vera rosa ástand síðan um áramótin eiginlega,“ segir Helga Þ. Stephensen leikari, sem á hundinn Lukku sem hún þurfti að leita með til dýralæknis áður en tappi úr flugeldi fannst í maga dýrsins.

„Hún Lukka mín er hálfur Íslendingur og voða góð og ljúf. Ég tók eftir því skömmu eftir áramótin að hún hætti að gera stykkin sín og var orðin eitthvað skrítin. Þetta var orðið meiriháttar vesen. Ég fór með hana tvisvar eða þrisvar og þetta var myndað en ekkert fannst. Að lokum fannst þetta þó. Þær eru svo flinkar og góðar á Dýraspítalanum, Katrín og Hrund.“



**Helga Þ. Stephensen og hundurinn Lukka.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUNNARSSON

Helga og Lukka búa í miðbænum þar sem þær fara iðulega í göngutúra saman. Helga taldi líklegt að Lukka hefði komist í rusl í Hljómskálagarðinum, þar sem mikið var sprengt um áramótin. Hegðun Lukku breyttist fljótlega eftir áramót og segir eigandinn hennar að hún hafi hætt að nærast. „Þetta var svo skorið burt að lokum. Þá var þetta stærðarinnar korktappi með gati í gegn. Við nánari skoðun sáum við að þetta var líklega úr flugeldi. Þetta er úr einhvers konar korki og hálfbrunnið. Þetta var einfaldlega að drepa hundinn. Dýralæknirinn sagði að það hefði bara verið korter í það.“



**Tappinn sem Lukka át og þurfti að sækja með skurðaðgerð. Hann er tæplega 5 cm að lengd.**

Aðgerðin kostaði Helgu 200 þúsund krónur, en sem betur fer hafði hún tryggt Lukku vel og býst við því að hún sé tryggð fyrir þessu óhappi. Hún segir áramótin erfið fyrir dýrin og þetta væri ekki til að bæta það. „Þetta er því ekki bara hávaðinn og lætin í kringum þetta sem er slæmt fyrir dýrin, heldur einnig þessi svakalegu eftirköst, allt þetta sorp sem er skilið eftir úti um allt og ekki hreinsað um leið.“

Samkvæmt upplýsingum frá Dýraspítalanum eru slík óhöpp algengari á þessum árstíma. „Við höfum fengið einn kött í ár og nokkra hunda. Þetta getur auðvitað gerst hvenær sem er ársins, en er kannski algengara núna,“ segir Snæfríður Aþena Stefánsdóttir, sem er dýrahjúkrunarfræðingur á Dýraspítalanum í Víðidal.



**Snæfríður Aþena Stefánsdóttir.**

„Ef það er eitthvert plastdót í flugeldunum sjálfum, sem dýrin éta, þá geta magasýrurnar ekki brotið það niður og þá myndast allsherjar stífla. Dýrin hætta að éta og drekka. Um leið og þau reyna að ná einhverju niður þá bregst líkaminn þannig við að þau byrja bara að kasta upp. Líkaminn er þá bara alveg stíflaður. Þá þarf að opna til að fjarlægja tappann sem hefur myndast. Þau hreinlega geta endað á því að svelta í hel. Þau geta því dáið af svona stíflum,“ segir Snæfríður.

lovisaa@frettabladid.is




HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

## FÁGAÐUR AURIS Á FRÁBÆRU VERÐI

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum akstri, hvort heldur með bensín- eða dísilvél eða í Hybrid-útfærslu. Auris er með ríkulegum staðalbúnaði og glæsilegur að innan sem utan.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans.
Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Drógu saman seglin eftir 57 milljóna króna tap Iceland Airwaves

**VIÐSKIPTI** „Þetta er þungur rekstur. Þetta er ekki auðvelt,“ segir Grímur Atlason, framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves. Samkvæmt ársreikningi IA tónlistarhátíðar ehf. fyrir árið 2016 var hátíðin þá rekin með ríflega 57 milljóna króna tapi.

Grímur segir að það ár hafi aðstandendur hátíðarinnar gert ráð fyrir um 10 þúsund gestum en 8.500 gestir hafi mætt. Í ársreikningnum kemur fram að tekjurnar hafi numið 215,5 milljónum króna samanborið við 202,2 milljónir árið áður. Spurður um ástæður þessa svarar Grímur því til að að aukin samkeppni í innflutningi tónlistarmanna, dýrara flug og ríflega 50 prósenta hækkun á kostnaði við gistingu hafi vegið þungt. Sterkt gengi krónunnar hafi haft í för með sér að dýrara varð fyrir ferðamenn að koma til landsins.



Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves.

Þessi rekstrarniðurstaða varð að sögn Gríms til þess að seglin voru dregin saman í fyrra. Til að ná niður kostnaði hafi færri bönd spilað 2017 auk þess sem tónlistarhúsið Harpa hafi verið tekið út sem tónleikastaður, svo dæmi séu tekin. „Við skárum niður kostnaðinn um rúmlega 80 milljónir,“ útskýrir Grímur og bætir við að niðurskurðurinn hafi orðið til þess að reksturinn í fyrra hafi verið í jafnvægi. „Það er mjög gott. Við gætum ekki rekið þetta í tómum mínus,“ segir Grímur og segir framtíð Airwaves bjarta. – **bg**



**Iceland Airwaves tónlistarhátíðin var fyrst haldin 1999.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## LÖKE-málið verið fellt niður

**LÖGREGLAN** Bogi Nilsson, settur ríkissaksóknari, hefur staðfest ákvörðun héraðssaksóknara um að fella niður mál sem tveir sakborningar í LÖKE-málinu svokallaða höfðuðu á hendur Öldu Hrönn Jóhannsdóttur. Alda Hrönn var staðgengill lögreglustjóra á Suðurnesjum þegar hún rannsakaði LÖKE-málið sem varðaði dreifingu upplýsinga úr lokuðu kerfi lögreglunnar.



Alda Hrönn Jóhannsdóttir.

Niðurstaða Boga er að hvorki lögreglustjórinn á Suðurnesjum né Embætti ríkissaksóknara hafi beint málinu í farveg til samræmis við ákvæði lögreglulaga. Annmarkar hafi þó verið í upphafi rannsóknarinnar en að þeir annmarkar, sem Alda bar aðallega ábyrgð á, þyki ekki af þeim toga að þeir varði brot á almennum hegningarlögum. – **smj**

## Lánveitingin var hvatakerfi

**DÓMSMÁL** Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, segir að viðskipti bankans með eigin hlutabréf séu óheppileg þegar litið er til baka.

Tekin var skýrsla af Lárusi í aðalmeðferð markaðsmisnotkunarmáls Glitnis í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þá segir hann að lánveiting bankans til fjórtán einkahlutafélaga í eigu starfsmanna fyrirtækisins hafi verið hvatakerfi eftir að bónusar og kaupréttarsamningar voru frystir. Lánveitingin nam 6,8 milljörðum króna eða 2,64 prósentum af öllu hlutafé bankans. – **dfb**

# Háspennulínur fæla og lóðum í Skarðshlíð skilað til bæjarins

**Hafnarfjarðarbær hefur fengið aftur í fangið 11 lóðir eða þriðjung þeirra sem úthlutað var í öðrum áfanga uppbyggingar Skarðshlíðarhverfisins. Háspennulínur fara þvert yfir hverfið. Verið tilbúið til uppbyggingar í nær áratug.**



**Skarðshlíð á að byggja upp á næstu árum en efnahagshrunið setti strik í reikninginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**HAFNARFJÖRÐUR** Þriðjungi þeirra lóða sem úthlutað var frá Hafnarfjarðarbæ í öðrum áfanga Skarðshlíðarhverfis hefur verið skilað aftur til bæjarins. Bæjarstjóri segir ýmsar ástæður fyrir því að lóðum hafi verið skilað en fjármögnunarvandi og háspennulínur þvert yfir hverfið hafi verið gefnar upp sem ástæður.

Af þeim 32 lóðum sem úthlutað var hefur ellefu lóðum verið skilað aftur til bæjarins. Skarðshlíðarhverfið hefur staðið nánast tilbúið síðan efnahagshrunið dundi yfir á haustmánuðum fyrir hartnær áratug.

Bæjarstjóri telur ólíklegt að skil á lóðum tefji uppbygginguna. „Nei, það held ég ekki, við munum úthluta þessum lóðum aftur og erum að fara yfir hversu margar lóðirnar eru í heildina. Þær verða svo auglýstar aftur. Hinir eru komnir af stað með teikningar og annað slíkt,“ segir Haraldur Líndal Haraldsson bæjarstjóri. „Það er nú eitthvað af þessu vegna þess að fólk hefur ekki getað fjármagnað þetta. Svo hef ég líka heyrt af einum sem var í óvissu um hvenær háspennulínurnar færu. Annað kann ég ekki að skýra.“

> **Það er nú eitthvað af þessu vegna þess að fólk hefur ekki getað fjármagnað þetta.**
>
> Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar



Skipulagssvæði Skarðshlíðar er um 30 hektarar að stærð. Í stefnu bæjarins segir að stefnt sé að því að bjóða eftirsóknarvert búsetuumhverfi með því að leggja áherslu á vandað bæjarskipulag í tengslum við ósnerta náttúru.

> ***Í ljósi aðstæðna á húsnæðismarkaði og þessa litla framboðs á lóðum fyrir íbúðarhúsnæði þá er eitthvað sem má skoða í þessu ferli.***
>
> Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingarinnar



Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingar í minnihluta bæjarins, segir skipulagsbreytingar á svæðinu hafa tafið uppbygginguna hverfisins.

„Í ljósi aðstæðna á húsnæðismarkaði og þessa litla framboðs á lóðum fyrir íbúðarhúsnæði þá er eitthvað sem má skoða í þessu ferli. Til dæmis hvort síendurteknar skipulagsbreytingar á þessu svæði hafi reynst skynsamlegar,“ segir Gunnar Axel. „Það hefur legið fyrir að þarna hefur verið heilt hverfi tilbúið til úthlutunar og í raun ótrúlegt að það hafi verið legið á því fram til loka kjörtímabilsins og ákveðið að endurskipuleggja hverfið í þriðja skipti á örfáum árum.“

**sveinn@frettabladid.is**





Forlagið og Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka auglýsa eftir handriti að skáldsögu fyrir börn og unglinga til að keppa um Íslensku barnabókaverðlaunin 2018.

Skilafrestur er til og með 22. febrúar 2018.

Allar upplýsingar á www.forlagid.is







# JAZZ

# Á HONDA BETRA VERÐI

Honda Jazz þýðir meira. Meira líf, meiri lipurð til að snúast og leggja, meiri tækni til að líða vel og njóta. Honda Jazz þýðir Honda-öryggi og rými, sparneytni og áreiðanleika. Þessi Jazz þýðir fleiri tækifæri fyrir þig til að leika af fingrum fram. Já, allt þetta og meira til.

**SÉRVALDIR HONDA JAZZ Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**

HONDA JAZZ - **VERTU MEIRA TIL**

VERÐ FRÁ KR. 2.460.000

**Bernhard ehf** • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

HONDA



Vigga tilbúin til brottfarar á hlaðinu í Suður-Vík. MYND/JÓN ÓLAFSSON

## Steinn frá Höfn á leiði Viggu

**MENNING** „Mér fannst eins og að steinninn biði þarna eftir okkur,“ segir listakonan Jóna Sigríður Jónsdóttir, sem hefur veg og vanda af fyrirhugaðri uppsetningu legsteins á leiði flökkukonunnar Vigdísar Ingvadóttur, Viggu gömlu.

Frásögn í Fréttablaðinu síðastliðið haust af ævihlaupi Viggu gömlu í Mýrdal sem flakkaði um frá barnsaldri og fram á elliár vakti mikla athygli. Vigga, sem var úr stórum systkinahópi en hraktist að heiman undan einelti, lést 92 ára gömul árið 1957. Hún er grafin í Skeiðflatarkirkjugarði. Leiðið er ómerkt en úr því ætla Jóna og fleiri sveitungar hennar að bæta.

Í kjölfar frétta Fréttablaðsins af málinu höfðu margar steinsmiðjur samband við Jónu og buðu legsteina endurgjaldslaust. Jóna segir rétta steininn hafa fundist hjá S. Helgasyni. „Það er mjög fallegur náttúrusteinn austan úr Skaftafellssýslu, frá Höfn í Hornafirði. Það var eins og hann biði eftir að fara á leiðið hennar Viggu,“ lýsir hún.

Nú liggur fyrir hjá Jónu að hanna steininn. „Ég þarf að ræða við steinsmið um möguleikana. Mér finnst steininn kalla á svolitla vinnu. Mig langar að hafa hann í stíl við gömlu konuna, eins og hún var,“ segir Jóna Sigríður Jónsdóttir. Áætlað er að steininum verði komið fyrir á sínum stað í vor eða sumar. – **gar**

## Flugvélin í Trabzon á loft




Verkfræðingar og flugvirkjar hlúðu að þessari Pegasus-flugvél, sem rann út af flugbraut á flugvellinum í Trabzon á mánudaginn, þegar hún var hífð á loft í gær og henni lyft aftur upp á flugbrautina. Bilun í hreyfli er sögð hafa valdið óhappinu en vélin lenti næstum í Svartahafi. NORDICPHOTOS/AFP

## Franskur maður lést í Öræfum

**LÖGREGLUMÁL** Andlát fransks ferðamanns sem björgunarsveitarmenn fundu látinn í brattlendi við Sandfell í Öræfum um hádegisbil á miðvikudag er nú til rannsóknar hjá lögreglu.

Maðurinn mun hafa tekið bifreið á leigu til eins mánaðar þann 24. desember og síðast er vitað um ferðir hans í Skaftafelli þann 29. desember. – **jhh**






# Ekki vera of hrædd við áhrif internetsins

**Það er óþarfi að óttast um of áhrif internetsins á andlega líðan barna. Þetta kom fram í máli dósents í sálfræði á fyrirlestri. Rannsóknir sýna vissulega fylgni en ekki orsakatengsl milli internetnotkunar og kvíða.**



Dósent í sálfræði við Háskóla Íslands segir ekki ástæðu til þess að óttast áhrif tölvunotkunar á börn. Hins vegar dragi hún úr mikilvægum möguleikum barna á að verja tíma sínum í frjálsum leik. NORDICPHOTOS/GETTY

**HEILBRIGÐISMÁL** Fólk ætti ekki að hræðast allt of mikið áhrif internetsins og samfélagsmiðla á andlega líðan barna. Þetta kom fram í máli Urðar Njarðvík, dósents í sálfræði við Háskóla Íslands, á hátíðarfyrirlestri í skólanum í gær.

„Menn voru rosalega hræddir við skáldsögur þegar þær fóru að koma og þegar sjónvarpið kom voru menn mjög hræddir við að það myndi eyðileggja allt. Við erum alltaf hrædd við nýjungar. Það er allt í lagi að fylgjast með því hvað nýjungarnar hafa í för með sér þannig að við getum unnið með þeim. En ekki vera allt of hrædd við það að börnin séu í stórhættu af því að þau eru að tala saman einhvers staðar,“ sagði Urður.

Hún segir að það vanti rannsóknir á áhrifum internetsins og samfélagsmiðla á börn. „Samfélagsmiðlar eru að breytast svo ört að við vitum ekkert alveg um áhrif þeirra, sérstaklega ekki á börn,“ sagði hún. Það liggi hins vegar í hlutarins eðli að á meðan börn verja tíma á internetinu dragi úr möguleikum þeirra til þess að verja tíma sínum í frjálsum leik. „Frjáls leikur er mjög mikilvægur fyrir þroska barna. Að þau fái frið til þess að vera úti í garði og finna upp á eigin leikjum. Ekki alltaf í umhverfi þar sem fullorðið fólk stýrir þeim. Ef þau eru alltaf að sækja í netið þá er alltaf verið að mata þau á upplýsingum.

> Menn voru rosalega hræddir við skáldsögur þegar þær fóru að koma og þegar sjónvarpið kom voru menn mjög hræddir við að það myndi eyðileggja allt.
>
> Urður Njarðvík, dósent í sálfræði við HÍ



Ég hef meiri áhyggjur af því frekar en að samfélagsmiðlarnir skapi kvíða í sjálfu sér,“ sagði Urður.

Hún sagði að rannsóknir sýndu vissulega fylgni milli internetnotkunar og kvíða, en fylgni og orsakatengsl væru ekki sami hlutur. „Þannig að við vitum ekki hvort börn sem hafa tilhneigingu til kvíða sækja meira í að vera á samfélagsmiðlum eða hvort mikil notkun samfélagsmiðla er að ýta undir kvíða. Þetta er það sem við þurfum að skoða miklu betur,“ sagði hún.

jonhakon@frettabladid.is




B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

## Vill herinn inn í sænsk úthverfi

**SVÍÞJÓÐ** Svíþjóðardemókratar vilja senda herinn til höfuðs glæpagengjum sem berjast í úthverfum sænskra borga. Jimmie Åkesson, leiðtogi Svíþjóðardemókrata, bendir á að í Danmörku fái hermenn svolitla kennslu í lögreglustörfum og þeir starfi síðan undir stjórn lögreglu til að halda uppi lögum og reglu.

Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, útilokar ekki að slíkt komi til greina. Fyrst þurfi þó að auka samvinnu ýmissa stofnana til að stöðva glæpastarfsemina. **– ibs**

## Enginn risaturn í kortunum

**SKIPULAGSMÁL** Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur, segist ekki hafa fengið í hendur tillögu fasteignafélagsins Reita um 110 metra útsýnisturn í einkaframkvæmd við Sæbraut. Tillögunni var vísað til skoðunar hjá formanninum af fundi skipulagsstjóra.

„Það hefur staðið til í nokkurn tíma að setja í námunda við Höfða gulan vita eins og gömlu vitarnir eru. Menn úti í bæ geta verið með alls kyns hugmyndir en það er ekkert annað sem stendur til af hálfu borgarinnar,“ segir Hjálmar sem undirstrikar að eftir sé að skoða tillögu Reita sem Fréttablaðið greindi frá í gær. Samkvæmt henni munu borgin og Faxaflóahafnir eignast turninn 25 til 30 árum eftir að hann rís. **– gar**

# Víðines minnir á geðveikrahæli

**Kjartan Theódórsson er einn þeirra heimilislausu sem halda til í Víðinesi. Hann er ósáttur við afarkosti sem borgin setur þeim sem þar búa. Þegar verst lætur líði honum eins og hann sé staddur á „geðveikrahæli“.**

**VELFERÐARMÁL** „Ég er búinn að vera hérna á fjórðu viku og finnst velferðarsvið borgarinnar alls ekki sinna okkur nógu vel hérna í Víðinesi,“ segir Kjartan Theódórsson, einnig þekktur sem Kjarri tjaldbúi.

„Ég er nú farinn að halda að þetta hafi aðallega snúist um að losna við okkur Gylfa [Ægisson] vegna þess að við vorum svo mikið í fjölmiðlum. Núna eru allt að því níu herbergi laus sem mætti nýta enda fullt af heimilislausu fólki á hálfgerðum vergangi.“ Þeir Gylfi segjast þannig ekki skilja hvers vegna Gylfa hefur verið gert að yfirgefa staðinn þar sem nóg er þar af lausum herbergjum.

Kjartan segir Víðinesið vera algert neyðarúrræði og alls ekki eftirsóknarverðan dvalarstað. „Hér er engin afþreying. Ekki einu sinni sjónvarp. Sjö kílómetra gangur á næstu strætóstoppistöð og félagsleg einangrun mikil. Fyrir okkur sem erum bíllaus er síðan meiri háttar mál að komast í búð og kaupa í matinn.“

Kjartan segir andlegt og líkamlegt ástand þeirra sem dvelja í Víðinesi misgott og furðu sæti að fólki sem glímir við geðræn vandamál sé komið þar fyrir án nokkurs stuðnings.

„Þetta lítur út eins og geðveikrahæli. Hér eru engir ráðgjafar en hingað eru andlega veikir menn sendir. Hingað kom til dæmis strákur beint af geðdeild og á svo bara að redda sér sjálfur á AA-fundi. Hann sprakk um helgina. Lögreglan þurfti að koma hingað tvisvar um helgina. Hér var einn, á einhverjum ofskynjunarlyfjum, sem hringdi sjálfur á lögregluna. Sagði að hér væru hryðjuverkamenn, lík og sprengjur úti um allt.“



**Kjartan segir andlegt og líkamlegt ástand þeirra sem dvelja í Víðinesi misgott og furðu sæti að fólki sem glímir við geðræn vandamál sé komið þar fyrir án stuðnings. Hér er hann með Gylfa Ægissyni.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Kjartan segist ekkert skilja í því hvers vegna félagsráðgjafar eða geðlæknir komi ekki reglulega á staðinn og veiti þeim sem þess þurfa stuðning. „Fólk þarf hjálp til þess að stíga fyrstu sporin. Þegar ég kom hingað var ég búinn að vera sex mánuði á götunni og þótt maður fái hérna inni er samt ákveðið áfall að vera hérna í einangruninni. Þetta er ákveðin frelsissvipting.“

Kjartan og Gylfi Ægisson telja samninginn sem fólki í Víðinesi er gert að skrifa undir undarlegan og að það fái lítið fyrir þær 50.000 krónur sem það greiðir mánaðarlega fyrir dvölina. „Okkur var bara stillt upp við vegg. Tekin fyrir eitt í einu og sagt að skrifa undir eða pakka annars saman og koma okkur burt.“

**thorarinn@frettabladid.is**

### Stefna að nýtingu allra herbergja í Víðinesi

Samkvæmt velferðarsviði borgarinnar er stefnt að því að nýta öll herbergin á staðnum. Það er forgangsraðað í þau og talið var skynsamlegt að flytja ekki alla þangað í einu. Þá er áréttað að um bráðabirgðahúsnæði sé að ræða.

Vistmaðurinn með ofskynjanirnar dvelur ekki lengur í Víðinesi. Velferðarsvið getur ekki tjáð sig um þetta einstaka mál að öðru leyti en því að maðurinn mun hafa fengið eftirfylgni.

Allir sem dvelja í Víðinesi hafa aðgang að ráðgjafa á „sinni þjónustumiðstöð eða að félagsþjónustu í því sveitarfélagi sem þeir eiga lögheimili í“.








**Þjóðvegurinn klýfur þorpið en þar aka milljón bílar á ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Víkurbúar fylkja sér um breikkun þjóðvegarins

**SAMGÖNGUR** „Við viljum fara í að breikka þjóðveginn,“ segir Bryndís Haraldsdóttir, einn stofnenda þrýstihópsins Vinir vegfarandans. Hópurinn var stofnaður í gær á fundi í Vík í Mýrdal og hefur það að markmiði að þrýsta á aukið umferðaröryggi og bættar samgöngur í Vestur-Skaftafellssýslu.

Bryndís segir að umferðin í gegn um þorpið fari upp í fjögur þúsund bíla á sólarhring, þegar mest lætur. Yfir þjóðveginn, sem klýfur þorpið, þurfa skólabörn og aðrir íbúar að fara nær daglega.

„Það var mjög vel mætt. Umræðurnar voru málefnalegar og það er mikill hugur í fólki,“ segir Bryndís en þau slys sem orðið hafa á svæðinu undanfarin misseri urðu kveikjan að stofnun hópsins. Á fjórða tug komu á fundinn.

Bryndís segir að til standi að vinna að samgöngumálum í samvinnu við sveitarstjórn Mýrdalshrepps. Hún segir að árið 2012 hafi skipulagstillaga verið samþykkt á vettvangi sveitarstjórnar sem kveður á um nýja veglínu og göng í gegn um Reynisfjall. Það hafi verið gert vegna mikillar umferðar, en þá hafi um 200 þúsund bílar ekið um veginn daglega.

Á fimm árum hafi sú tala fimmfaldast en milljón ökutæki fari nú um veginn. „Við viljum fara að sjá einhver viðbrögð,“ segir hún og bætir við: „Við erum ört vaxandi ferðamannabær eins og sýslan öll. Það kom fram á fundinum í gær að við eigum afkomu okkar undir því að hér sé öruggt og gott flæði umferðar,“ segir hún. **– bg**

> **Það var mjög vel mætt. Umræðurnar voru málefnalegar og það er mikill hugur í fólki.**
>
> Bryndís Haraldsdóttir, hjá Vinum vegfarenda

SUZUKI

Way of Life!

# BÍLASÝNING Á LAUGARDAGINN!

# KYNNUM 4X4 FJÖLSKYLDU SUZUKI

## FINNDU FJÓRHJÓLADRIFINN SUZUKI SEM HENTAR ÞÉR




**KOMDU OG PRÓFAÐU FJÓRHJÓLADRIFINN SUZUKI**

**OPIÐ FRÁ KL. 12 - 16:00**

**LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI**

Fjórhjóladrifnir Suzuki henta íslenskum aðstæðum einstaklega vel. Þeir eru kraftmiklir með aksturseiginleika í sérflokki og um leið sérlega sparneytnir.

Komdu við og fáðu frekari upplýsingar hjá sölumönnum okkar og við hjálpum þér að finna Suzuki sem hentar þér.

ALLGRIP

4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!

FLUTT MEÐ EIMSKIP

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100





Fjölmenni sótti messu Frans páfa í Iquique í Chile í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Páfi hvetur ríki heimsins til að skella ekki í lás

**Frans páfi sagði það ekki samræmast kristinni trú að neita innflytjendum um aðstoð og loka landamærum. Ríki heims eigi að bjóða þá velkomna.**

**CHILE** Það sæmir ekki kristnum mönnum að loka landamærunum fyrir innflytjendum og ríki heims ættu að bjóða innflytjendur, sem margir hafa þurft að þola fátækt, óréttlæti og kúgun, velkomna. Þetta sagði Frans páfi í chilesku borginni Iquique í gær á sínum síðasta degi í Chile áður en hann hélt til Perú.

„Það er engin kristin gleði fólgin í því að skella í lás. Það ríkir engin kristin hamingja þegar öðrum líður eins og þeir séu óvelkomnir, þegar þeim er ekki gefið pláss,“ sagði páfi og bætti við: „Grátur hinna fátæku er eins konar bæn. Hann opnar hjörtu okkur og fær okkur til að hlusta.“

Frá því Frans varð páfi fyrir nærri fimm árum hefur hann ítrekað beitt sér í þágu fátækra innflytjenda, flóttamanna og hælisleitenda. Með vaxandi straumi flóttamanna hefur páfi styrkst í afstöðu sinni á meðan þjóðernishyggjuflokkar, sem flestir berjast fyrir hertri landamæragæslu, spretta upp víða um heim. Til að mynda vann Valkostur fyrir Þýskaland (AfD) stóran kosningasigur í þingkosningum síðasta árs, svo ekki sé minnst á afstöðu Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna.

Um 50.000 manns voru viðstaddir messu páfa í Iquique og hvatti hann alla sem hlustuðu til þess að vera vel á verði og fylgjast með þegar upp kæmist um óréttlæti og kúgun sem flóttamenn og fátækir sæta í heiminum. Til að mynda þegar einhver hagnast á flóttamönnum með óeðlilegum hætti.

Mun færri innflytjendur búa í Chile en í öðrum stórum ríkjum Suður-Ameríku. Hins vegar virðist fjöldi innflytjenda vera að aukast en stöðugleiki í efnahagsmálum og stjórnmálum frá því einræði Pinochet-stjórnarinnar lauk 1990 þykir gera landið að aðlaðandi áfangastað. Nýleg bylgja innflytjenda frá til að mynda Haítí og Venesúela hefur kynt undir þjóðernishyggju í Chile, að því er Reuters greinir frá.

Hvergi býr hærra hlutfall innflytjenda í landinu en í borginni Iquique. Þangað hafa innflytjendur frá Perú, Argentínu, Ekvador og Bólivíu flykkst vegna tækifæra í byggingariðnaði, þjónustu og námagreftri í borginni. thorgnyr@frettabladid.is




# Ungliði SPD er erkióvinur Angelu Merkel kanslara

**ÞÝSKALAND** Kevin Kühnert, formaður Jusos, ungliðahreyfingar Jafnaðarmannaflokksins (SPD) í Þýskalandi, þykir vera nýr erkióvinur Angelu Merkel kanslara. Ástæðan er sú að hreyfingin hefur talað einna hæst gegn því að SPD hefji formlegar stjórnarmyndunarviðræður og fari aftur í ríkisstjórn með Kristilegum demókrötum Merkel.

„Pólitískt líf kanslarans veltur á Jusos,“ sagði í Die Welt í vikunni en auk þess að vera nú í andstöðu við Merkel er hinn 28 ára Kühnert nú í andstöðu við formann sinn, Martin Schulz. Kühnert hefur verið leiðtogi Jusos frá því í nóvember.

Flokksmenn Jafnaðarmannaflokksins þinga á sunnudaginn og munu þá greiða atkvæði um hvort hefja eigi formlegar stjórnarmyndunarviðræður. Ef af því verður stefnir í lok lengstu stjórnarkreppu Þjóðverja frá því í seinna stríði.

„Það að líta alltaf aftur til stórbandalagsins vegna þess að við erum hrædd um að allt annað sé ennþá verra mun hafa slæm áhrif á SPD í framtíðinni,“ sagði Kühnert á blaðamannafundi í gær. Þá sagðist hann bjartsýnn og taldi góðar líkur á því að flokksþingið felldi tillöguna á sunnudaginn. – þea


**Kevin Kühnert, formaður Jusos.** NORDICPHOTOS/AFP



# Fersk pottaplöntusending

**TILBOÐ: 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PLÖNTUM OG POTTUM**




# Gleðjum bóndann!

ÚRVAL AF GJÖFUM SEM GLEÐJA



## DÚFUSÝNING Í GARÐHEIMUM

LAUGARDAGINN 20. JANÚAR MILLI 13 OG 17

**20%**
AFLÁTTUR AF
GÆLUDÝRAFÓÐRI

FRÆIN ERU
KOMIN!

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Forgangsröðun



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Mjúk lending í efnahagslífinu hefur verið undantekning fremur en regla í íslenskri hagsögu. Þetta er ágætt að hafa í huga nú þegar mesta spennan í þjóðarbúskapnum er að baki. Hagvöxtur er að minnka, ekki hvað síst vegna þess að farið er að hægja nokkuð á hinum gríðarmikla vexti í ferðaþjónustu, og útlit er fyrir að viðskiptaafgangurinn fari þverrandi. Þótt staðan í efnahagsmálum nú um stundir sé í raun fordæmalaus, sem birtist meðal annars í þeirri staðreynd að Ísland er orðið að lánveitanda við útlönd, þá mun eftir sem áður mikið velta á opinberri hagstjórn svo þessari góðu stöðu verði ekki glutrað niður. Þar skiptir mestu máli stefnan í ríkisfjármálum.

Flestum ætti að vera ljóst að stjórnvöld hafa fyrir margt löngu misst öll tök á stöðugri útgjaldaaukningu hins opinbera. Ríkisútgjöld aukast um tugi milljarða á hverju ári. Engin undantekning var á því í frumvarpi fjármálaráðherra sem var samþykkt á Alþingi í lok síðasta árs. Útgjöldin voru þvert á móti aukin enn meira frá því sem áður var áformað í fjárlagafrumvarpi fyrri ráðherra. Það er engin ástæða til að hreykja sér sérstaklega af því að skila afgangi á fjárlögum sem nemur 1,3 prósentum af landsframleiðslu á sama tíma og skatttekjur ríkissjóðs hafa stóraukist á síðustu árum samhliða hinum mikla uppgangi í efnahagslífinu. Það er umtalsvert minni afgangur en var á rekstri ríkissjóðs á árunum í aðdraganda fjármálahrunsins 2008.

Þegar þessi mynd er dregin upp þá skýtur það skökku við þegar Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, eins og kom fram í máli hans á Skattadegi Deloitte, SA og Viðskiptaráðs í vikunni, segir að lækkun skatta sé ekki brýnasta málið um þessar mundir í ljósi efnahagssveiflunnar. Ekki skal gera lítið úr mikilvægi þess að skattalækkanir séu almennt vel tímasettar og ekki ákvarðaðar í tómarúmi við efnahagsástandið hverju sinni. Ríkisstjórnin, eins og ávallt, stóð hins vegar frammi fyrir valkostum. Hún kaus þá forgangsröðun að halda áfram á braut þensluhvetjandi ríkisfjármála í stað þess að leita leiða til að hagræða og auka aðhald í ríkisrekstri – og þannig skapa efnahagslegar forsendur fyrir því að ráðast í tímabæra lækkun skatta á heimili og fyrirtæki. Ekki er vanþörf þar á. Ísland er háskattaríki en skattlagning hins opinbera er óvíða meiri meðal OECD-ríkja en hér á landi.

Sú ákvörðun stjórnvalda að gefa enn frekar í þegar kemur að ríkisútgjöldum hefur hins vegar ekki aðeins áhrif á svigrúm til að fara í skattalækkanir heldur einnig á vaxtastigið í landinu. Í viðtali við ViðskiptaMoggann í liðinni viku sagðist Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra þeirrar skoðunar að „vextir hefðu mátt lækka hraðar á þeim stöðugleikatíma sem við höfum notið“. Undir þá skoðun má taka en hér fer ekki alveg saman hljóð og mynd hjá ráðherranum. Það fer illa saman að kalla eftir lægri vöxtum en um leið fara fyrir ríkisstjórn sem hefur kosið að slaka á aga í ríkisfjármálum með þeim afleiðingum að líkur á frekari vaxtalækkunum Seðlabankans eru nú hverfandi. Það eru vonbrigði, en þau voru líklega fyrirsjáanleg.

**Það fer illa saman að kalla eftir lægri vöxtum en um leið fara fyrir ríkisstjórn sem hefur kosið að slaka á aga í ríkisfjármálum.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Blaðalesturinn**

**Davíð Oddsson fagnaði afmæli sínu í fyrradag. Útgáfufélag Morgunblaðsins hélt ritstjóranum veislu af því tilefni. Samkvæmt frétt Vísis hélt Davíð sjálfur ræðu í veislunni þar sem hann sagði að hann hefði ekki hitt neinn mann sem læsi annað blað en Morgunblaðið. Látum þá staðreynd liggja milli hluta að í könnunum segjast 44 prósent landsmanna lesa Fréttablaðið en 26 prósent segjast lesa Moggann. Hitt er svo aftur að ef Morgunblaðið er eina blaðið sem menn lesa er það varla nokkuð sem Davíð getur þakkað sjálfum sér. Fréttir herma nefnilega að þúsundir áskrifenda að Mogganum hafi sagt upp áskrift sinni við það eitt að tilkynnt var um ráðningu ritstjórans.**

**Kvennaframboðið**

**Fréttablaðið greindi frá því í gær að skiptar skoðanir væru á því meðal sjálfstæðiskvenna hvort kvennahreyfingar innan flokksins eigi að styðja Áslaugu Friðriksdóttur í prófkjöri fyrir borgarstjórnarkosningar. „Við eigum að styðja allar konur til þátttöku í stjórnmálum en ekkert endilega að styðja einstakar konur í framboði,“ sagði, Vala Pálsdóttir formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna. Ef formaður kvennahreyfingar í stjórnmálaflokki ætlar að hundsa eina konuna sem býður sig fram gegn fjórum karlmönnum má spyrja sig hvaða gagn sé í störfum hennar.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Þétting byggðar hefur mistekist



Eyþór Arnalds
frambjóðandi í leiðtogaprófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Þétting byggðar gengur út á það að fleiri búi á sama stað og geti sótt þjónustu stutta vegalengd. Með þéttingu byggðar á minni tími að fara í að ferðast á milli staða. Undanfarið hefur borgarstjórnarmeirihlutinn unnið að þéttingu byggðar í miðborg Reykjavíkur. Ætla mætti því að þar hefði orðið umtalsverð íbúafjölgun. Tölurnar segja aðra sögu.

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar hefur orðið 2% fólksfækkun í póstnúmeri 101 á einu ári. Kjarninn birti greiningu byggða á gögnum Reykjavíkurborgar 11. apríl síðastliðinn. Þar kemur fram að í miðborginni hefur orðið fólksfækkun um 9% á fimm árum. Þetta er stórfelld breyting á stuttum tíma sem sýnir að þétting byggðar hefur mistekist. Íbúabyggð í miðborginni hefur dregist stórlega saman þrátt fyrir að mikið hafi verið gert í að þétta byggð. Þéttingarstefnan eins og hún hefur verið framkvæmd hefur því dreift byggð um höfuðborgarsvæðið. Á meðan fjölgun í nágrannasveitarfélögunum er 3% á ári er heildarfjölgun í Reykjavík mæld í prómillum. Framsetningu gagna var breytt á vef Reykjavíkurborgar eftir að Kjarninn birti greiningu sína og er því ekki lengur hægt að fylgjast með miðborginni sérstaklega.

**Ný nálgun í skipulagsmálum**

Margir vilja búa í miðborginni. Ungt fólk sem vill búa nálægt háskólanum hefur fáa kosti. Ein leið er að leyfa íbúabyggð í Örfirisey en þar eru núna olíutankar. Grandinn er nú þegar með margs konar hverfisverslanir en þar er ekki ein einasta skipulögð íbúð. Hægt er að byggja 10-15 þúsund manna byggð í Örfirisey sem myndi létta á ójafnvægi í umferð í borginni. Samhliða mætti tengja Reykjavík við Garðabæ með Skerjabraut sem myndi létta á umferð um alla borg en þeir sem búa í austurborginni þurfa að þola eilífar umferðartafir sem ekki eru boðlegar í 120 þúsund manna borg. Núverandi stefna borgarstjórnar mun að óbreyttu gera ferðir úr Grafarvogi, Árbæ og Breiðholti enn þyngri og er nauðsynlegt að snúa því við. Það þarf því nýja nálgun í skipulagsmálum.

**Samkvæmt gögnum Hagstofunnar hefur orðið 2% fólksfækkun í póstnúmeri 101 á einu ári.**

visir.is Lengri útgáfa af greininni er á Vísi.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Innantómar hitaeiningar

Í DAG



Bergur Ebbi

**Það þurfa ekki allar hitaeiningar að vera djúpar og merkingarríkar. Sumar mega vera óskÖp grunnt þenkjandi, sáttar ef þær fá kaldan bjór og enska boltann. Dýptin liggur annarstaðar ...**

Ég sat með félaga mínum og borðaði lasagna. Líklega er ég algjör plebbi en þessi ítalski ofnbakaði réttur með allri sinni kjötsósu, bræddum osti og pastaplötum hefur alltaf verið uppáhaldsmaturinn minn. Jafnvel nafnið sjálft, lasagna, lasanja, kemur ró á magann – og ég læri það sífellt betur, að ef ró er yfir maganum þá er einnig ró yfir sálinni. Kvíðinn fæðist og deyr í kvið manneskjunnar.

En í þetta skiptið náði ég ekki að njóta matarins. Félagi minn benti mér samviskusamlega á að lasagna væri fullt af svokölluðum innantómum hitaeiningum. Ég hafði aldrei heyrt á þetta minnst. Hann útskýrði fyrir mér að lasagna væri vissulega orkuríkt og gæfi manni eldsneyti til að lifa, en í hverri hitaeiningu af lasagna væri lítið annað en einmitt orka. Það væru engin vítamín eða trefjar. Ég er reyndar ekki hættur að borða lasagna út af þessu en ég borða það aldrei framar án þess að hugsa um þetta hugtak: Innantómar hitaeiningar. Þetta er svo gríðarlegt hugtak ef maður spáir í það, svo þversagnarkennt, bólgið og klúðurslegt, en samt með vott af skáldlegri dýpt – allavega ef maður teygir hugsun sína nógu nálægt himninum. En byrjum á að líta ofan í jörðina.

Mannkynið hefur líklega í allan sinn líftíma vitað að jörðin er heit að innan. Það þarf engin vísindi til að segja manni að hraunið sem vellur upp úr sprungum er brennandi heitt. Nánar tiltekið um þúsund gráður á Celcius, eins og vísindin hafa síðar miðlað með sínu tungumáli. Í seinni tíð hafa vísindin einnig fært okkur upplýsingar um að jörðin sé enn heitari sé kafað dýpra ofan í hana. Samkvæmt útreikningum er kjarni jarðarinnar líklega að minnsta kosti um sex þúsund gráður á Celcius. Jörðin er heit að innan og eftir því sem nær er farið kjarnanum, því heitari er hún.



Við sjálf erum líka heit að innan. Svo framarlega sem andrúmsloftið í kringum okkur er undir 37 gráðum á Celcius þá erum við mannfólkið gangandi ofnar. En ólíkt jörðinni þá er enginn glóandi kjarni í okkur. Við erum nokkurn veginn jafn heit um allan kroppinn. Jafnvel sjálft hjartað, er ekki heitara en aðrir hlutar líkamans. Þetta vitum við öll, en samt eru þetta mér alltaf ákveðin vonbrigði. Er hjarta manneskjunnar ekkert heitara en innviðir lærleggjarins? Er engin glóandi kvika djúpt inni í sérhverri manneskju, enginn brunandi heitur kyndiklefi þar sem kolarykugir verkamenn með stingandi hvít augu moka sleitulaust og strjúka af sér svitann? Hvaðan kemur þá frumkraftur okkar?

Líkaminn er víst þannig uppbyggður að í honum er stöðugt flæði. Blóð sem er í hjartanu er skömmu síðar runnið fram í fingurgóma og kemur örlítið kaldara til baka og heldur þannig hjartanu í sama hitastigi og líkaminn allur. Við manneskjurnar (og öll blóðheit dýr ef út í það er farið) erum ekki eins uppbyggð og plánetan sem við búum á. Við erum eiginlega kjarnalaus – heilinn er miðstöð rafstýringar, hjartað er dælustöðin og svo eru alls kyns síur og dóterí dreift um allan kropp. Það er enginn glóandi kjarni. Fólk getur keypt alla þá sálfræðiþjónustu sem það vill og kafað endalaust ofan í sjálft sig og fundið ýmislegt, en það mun aldrei finna sex þúsund gráðu heitan eldhnött, hvorki í sálfræðilegum, líffræðilegum né nokkurs konar hugmyndafræðilegum skilningi. Sé manneskjan mæld og dæmd út frá hitaleiðni má eiginlega segja að hún sé innantóm, innantóm hitaeining.

Með þessu á ég ekki við að mannslíkaminn sé ekki sneisafullur af trefjum og snefilefnum (hann er það eflaust), heldur er það eitthvað við þennan skort á hitakjarna, sem fyllir mann vonleysi. Maður verður hálf innantómur. Hvaðan kemur þessi hiti sem maður býr til og hvað á maður að gera við hann? Er maður dæmdur til að ganga á þessari jörð sem innantóm hitaeining? Ég er enginn spámaður og veit ekki svarið, en tilgáta mín er sú, að lausnin hljóti að felast í því að hætta að leita inn á við. Hitanum er ætlað að streyma eitthvert annað. Kjarninn verður til þegar við innantómu hitaeiningarnar gerum eitthvað saman, látum hlýju streyma frá hjarta til hjarta. En það er kjarni sem er ekki neinum manni sýnilegur. Hann er að finna í stærra samhengi sem erfitt er að koma í mál.

Ég er innantóm hitaeining og ég sit og borða lasagna. Innantómar hitaeiningar. Og ég nýt hverrar þeirra í botn. Það þurfa ekki allar hitaeiningar að vera djúpar og merkingarríkar. Sumar mega vera óskÖp grunnt þenkjandi, sáttar ef þær fá kaldan bjór og enska boltann. Dýptin liggur annarstaðar, í streymi hugmynda og hita, milli fólks og hópa. Allir eiga sín augnablik, jafnvel innantómar hitaeiningar.



# Ekki gleyma BÓNDANUM



**2.298** kr. stk.

**Blómvöndur**
Stór




**FULLELDAÐ**
Aðeins að hita

**798** kr. kg

**Ali Spareribs**
Fullelduð




**998** kr. 890 g

**Kristjáns Djöflaterta**
890 g




**79** kr. 500 ml

**Egils Pilsner**
500 ml

**1.398** kr. búnt

**Túlípanar**
10 stk.

# Kassatilboð




Þú sparar **700** KR.

**5.180** kr. ks.

**Nocco Orkudrykkur**
Kassi, 330 ml, 24 dósir
Verð á kassa áður 5.880 kr.




**359** kr. 300 ml

**Loreal Sturtusápa**
Herra, 300 ml, 3 teg.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**1.398** kr. 200 g

**VH Harðfiskur**
Þorskur, 200 g



**398** kr. kg

**KS Lambasvið**
Frosin




**2.598** kr. fatan

**SS Blandaður Súrmatur**
1,35 kg

## ÞORRAVEISLA í Bónus






**398** kr. 450 g

**Kjarnafæði Lifrapylsa**
Soðin, 450 g




**2.298** kr. kg

**Kosta Sviðasulta**




**229** kr. 350 g

**Nonni Rófustappa**
350 g




**698** kr. 100 g

**Norðanfiskur Hákarl**
Frá Hildibrandi, 100 g




**3.159** kr. kg

**SS Hrútspungar**
Súrir




**3.198** kr. kg

**Súr Hvalur**
Langreyður




**198** kr. 400 g

**Bónus Rúgbrauðskubbur**
400 g

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

| | |
|---|---|
| 24,5 | EM 2000 |
| 25,3 | HM 2001 |
| 27,6 | EM 2002 |
| 34,2 | HM 2003 |
| 29,0 | EM 2004 |
| 28,7 | ÓL 2004 |
| 30,8 | HM 2005 |
| 31,7 | EM 2006 |
| 33,7 | HM 2007 |
| 26,2 | EM 2008 |
| 30,3 | ÓL 2008 |
| 31,1 | EM 2010 |
| 29,6 | HM 2011 |
| 29,5 | EM 2012 |
| 33,3 | ÓL 2012 |
| 30,2 | HM 2013 |
| 28,4 | EM 2014 |
| 25,3 | HM 2015 |
| 30,7 | EM 2016 |
| 25,5 | HM 2017 |
| 24,7 | EM 2018 |





» Ísland skoraði meira en 29 mörk að meðaltali í leik á 11 af 13 stórmótum á árunum 2003-13.

# Ekki skorað minna í átján ár

**Eftir að hafa átt eitt besta sóknarlið heims í mörg ár hefur sóknarleik íslenska handboltalandsliðsins hrakað mikið á síðustu árum. Aðeins eitt lið skoraði færri mörk en Ísland í riðlakeppninni á EM 2018 í Króatíu.**

**HANDBOLTI** Átján ár eru síðan íslenska karlalandsliðið í handbolta skoraði jafn fá mörk á stórmóti og á EM í Króatíu sem nú stendur yfir. Strákarnir okkar stoppuðu stutt við í Króatíu en þeim mistókst að komast upp úr sínum riðli.

Ísland skoraði aðeins 24,7 mörk að meðaltali í leikjunum þremur á EM. Það þarf að fara allt aftur til ársins 2000, þegar EM fór einnig fram í Króatíu, til að finna stórmót þar sem íslenska liðið skoraði færri mörk að meðaltali í leik. Ísland skoraði þá 24,5 mörk í leik. Þá var hin svokallaða hraða miðja ekki komin til sögunnar, leikurinn var hægari og færri mörk skoruð að jafnaði í leik.

### Skoruðu að vild

Íslendingar voru með eitt besta sóknarlið heims um langt árabil og skoruðu um og yfir 30 mörk í flestum leikjum. Frá 2003 til 2013 skoraði Ísland 29 mörk eða meira að meðaltali í leik á 11 af 13 stórmótum. Þó ber að slá þann varnagla að mótherjarnir á heimsmeistaramótum eru oft slakir. Ísland skoraði t.a.m. 55 mörk gegn Ástralíu á HM 2003 og 45 mörk gegn sama andstæðingi á HM 2007. Það skekkir heildarmyndina vissulega aðeins.

Sóknarleikur íslenska landsliðsins hefur látið á sjá á undanförnum árum. Á HM 2015 skoraði Ísland aðeins einu sinni meira en 30 mörk í leik og í fyrsta leiknum gegn Svíþjóð skoruðu strákarnir aðeins 16 mörk. Það var það minnsta sem íslenska liðið hafði skorað í leik á stórmóti frá því það gerði aðeins 12 mörk í 13 marka tapi, 12-25, fyrir Rússlandi á HM á Íslandi 1995.

» Ísland hefur aðeins einu sinni skorað meira en 30 mörk á síðustu tveimur stórmótum (í níu leikjum).

5

mörk einungis skoruðu íslensku línumennirnir í leikjunum þremur á EM.

6

lið aðeins fengu á sig færri mörk en Ísland í riðlakeppninni á EM í Króatíu.

### Dæmið hefur snúist við

Ísland skoraði 30,7 mörk að meðaltali í leik á EM 2016 en fékk á sig 33,7 mörk. Þá komst liðið ekki upp úr sínum riðli og skömmu síðar hætti Aron Kristjánsson þjálfun þess.

Á HM í Frakklandi ári síðar, sem var fyrsta stórmót Geirs Sveinssonar með íslenska liðið, snarfækkaði mörkunum í leikjum Íslendinga. Strákarnir skoruðu aðeins 25,5 mörk að meðaltali í leik en fengu að sama skapi einungis 25,2 mörk á sig.

Íslenska liðið skoraði bara 74 mörk í leikjunum þremur á EM í Króatíu. Svartfjallaland var eina liðið sem skoraði minna í riðlakeppninni, eða 66 mörk. Þess ber að geta að Svartfellingar voru án síns besta manns, Vuko Borozan, á EM.

Varnarleikur Íslands á EM var ekki jafn sterkur og á HM í fyrra en langt frá því að vera slakur. Aðeins sex lið fengu á sig færri mörk í riðlakeppninni og Íslendingar fengu á sig jafn mörg mörk (82) og heimsmeistarar Frakka og sex mörkum færra en Norðmenn, silfurliðið frá síðasta HM. Varnarleikurinn mætti þó skila fleiri einföldum mörkum úr hraðaupphlaupum.

### Arftakarnir ekki jafn öflugir

Einfalda og augljósa ástæðan fyrir hnignun íslensku sóknarinnar er að á undanförnum árum hafa leikmenn í heimsklassa lagt landsliðsskóna á hilluna. Ólafur Stefánsson hætti eftir Ólympíuleikana 2012, Róbert Gunnarsson, Alexander Petersson og Snorri Steinn Guðjónsson eftir EM 2016 og þá er Arnór Atlason ekki sami leikmaður og fyrir nokkrum árum. Allt frábærir sóknarmenn með mikla handboltaþekkingu og náðu afskaplega vel saman þegar þeir léku með landsliðinu.

Leikmennirnir sem hafa tekið við þeirra hlutverkum eru því miður ekki í sama gæðaflokki. Rúnar Kárason og Ólafur Guðmundsson eru góðar skyttur en ekki með sama auga fyrir spili og leikmennirnir sem þeir komu í staðinn fyrir. Selfyssingarnir Ómar Ingi Magnússon og Janus Daði Smárason hafa átt ágætis spretti með landsliðinu en þurfa að gera betur.

Aron Pálmarsson býr yfir einstökum hæfileikum, er einn besti leikmaður heims og sóknarleikur íslenska liðsins fer allur í gegnum hann. Það eru þungar byrðar á hans herðum en maður vill alltaf meira.

### Lamað línuspil

Þá er línumannsstaðan stórkostlegt vandamál. Íslensku línumennirnir skoruðu aðeins fimm mörk á EM. Aðeins tékknesku línumennirnir skoruðu færri mörk. Arnar Freyr Arnarsson lofaði góðu í aðdraganda EM en skilaði aðeins einu marki á mótinu. Kári Kristján Kristjánsson átti stórgóðan leik gegn Serbum en er kominn yfir sitt besta. Það er synd að ekki komi fleiri mörk af línunni því fáir eru með jafn gott auga fyrir línuspili og Aron.

Skipulagið á íslensku sókninni gæti verið betra og það verður stærsta verkefni Geirs, eða þess sem tekur við af honum fái hann ekki nýjan samning, að laga sóknarleikinn, koma meira flæði á hann og búa til umhverfi þar sem styrkleikar Annars er hætt við að íslenska landsliðið dragist enn lengra aftur úr. **ingvithor@frettabladid.is**

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**ÍR - KR 87-78**
**Stigahæstir:** Ryan Taylor 34/9 fráköst, Danero Thomas 12, Matthías Orri Sigurðarson 10/8 fráköst/11 stoðs. - Brandon Penn 17/12 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 14, Darri Hilmarsson 13.

**Þór Ak. - Tindastóll 72-77**
**Stigahæstir:** Nino Johnson 25/14 fráköst, Hilmar Smári Henningsson 13, Pálmi Geir Jónsson 9 - Antonio Hester 20, Brandon Garrett 12, Pétur Rúnar Birgisson 11/11 fráköst/8 stoðs.

**Þór Þ. - Haukar 93-85**
**Stigahæstir:** Emil Karel Einarsson 28, DJ Ballentine 17, Snorri Hrafnkelsson 16 - Paul Jones 24, Breki Gylfason 19, Kristján Leifur Sverrisson 11.

**Stjarnan - Njarðvík 77-75**
**Stigahæstir:** Hlynur Bæringsson 24/12 fráköst, Róbert Sigurðarson 15, Tómas Þórður Hilmarsson 14/12 fráköst - Maciek Baginski 16, Terrell Vinson 16, Logi Gunnarsson 15

ANNA ÚRSÚLA AFTUR TIL VALS
Handboltakonan Anna Úrsúla Guðmundsdóttir er gengin í raðir Vals á nýjan leik. Hún hefur leikið með Gróttu undanfarin ár og varð tvívegis Íslandsmeistari og einu sinni bikarmeistari með liðinu. Anna Úrsúla eignaðist sitt annað barn í nóvember en ætlar að snúa aftur á völlinn með Val. Hún lék með Val á árunum 2010-14 og varð fjórum sinnum Íslandsmeistari og þrisvar bikarmeistari með liðinu. Valskonur sitja á toppi Olís-deildar kvenna en þær hafa ekki enn tapað deildarleik í vetur. Næsti leikur Vals er gegn Selfossi á morgun.



RÚRIK TIL SANDHAUSEN
Rúrik Gíslason er genginn í raðir Sandhausen frá Nürnberg. Bæði liðin leika í þýsku B-deildinni. Sandhausen situr í 5. sæti hennar. Rúrik gekk til liðs við Nürnberg frá FC København. Landsliðsmaðurinn fékk ekki mörg tækifæri hjá þýska liðinu og ákvað því að færa sig um set. Rúrik skrifaði undir sex mánaða samning við Sandhausen.



SÁ ÞRIÐJI TIL ROSTOV
Ragnar Sigurðsson hefur verið lánaður til rússneska úrvalsdeildarliðsins Rostov. Lánssamningurinn gildir út tímabilið. Hjá Rostov hittir Ragnar fyrir félaga sína í íslenska landsliðinu Sverri Inga Ingason og Björn Bergmann Sigurðarson. Ragnar lék sem lánsmaður með Rubin Kazan fyrri hluta tímabilsins. Rostov er þriðja rússneska liðið sem Ragnar spilar með en hann var í herbúðum Krasnodar á árunum 2014-16. Ragnar er enn samningsbundinn Fulham en hefur ekki leikið leik með liðinu síðan í apríl í fyrra.




Bíttu í rófuna
Ef bitinn er þungur er rófan góð
Geymist fersk í allt að þrjá mánuði
í kæli við rétt skilyrði
Er bragðbest þegar hún virkar
of þung fyrir sína stærð
Kaloríulítil og góð
uppspretta trefja
Inniheldur mikið
af C-vítamíni
Inniheldur enga fitu
Er nær hvergi jafnvinsæl með
mat eða sem snarl og á Íslandi
Var notuð í stað graskera á hrekkjuvöku
í Evrópu á árum áður því grasker voru ekki fáanleg
Verður fersk á ný ef hún er látin
liggja í ísvatni í nokkrar mínútur
ÞÚ VEIST
HVAÐAN ÞAÐ
KEMUR
íslenskt
grænmeti
islenskt.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Böðvars Sigvaldasonar**
Barði, Miðfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu Reykjavík fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Eva Thorstensen**
**Anna Rósa Böðvarsdóttir** **Sigurður Benedikt Stefánsson**
**Sigríður Klara Böðvarsdóttir** **Steindór J. Erlingsson**
**Sigvaldi Vilmar Böðvarsson** **Tina Jeanette Holm**
**Þorvaldur Óli Böðvarsson** **Louise Skovholm Christiansen**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð vegna andláts og útfarar ástkærs bróður okkar, mágs og frænda,

**Guðmundar Ásbjörnssonar**
Álftarima 9, Selfossi.

Sérstakar þakkir fyrir góðan stuðning, hlýhug, vináttu og umönnun fá: Íþróttafélagið Suðri á Selfossi og Þórdís í Suðra, góðir og tryggir vinir á Selfossi,

Félagsþjónustan í Árborg, þær Elsa Birna, Brynhildur og Ragnheiður, starfsfólk á Sjúkrahúsinu á Selfossi og starfsfólk Borgarspítalans á bráðamóttöku og taugalækningadeild B2.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Sigurjón Guðmundsson** **Halldóra Gísladóttir**
**Daníel Guðmundsson** **Elín Eddudóttir**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, okkar, tengdafaðir og afi,

**Andrés Magnússon**
Daltúni 2, Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldunnar mánudaginn 15. janúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Hann verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 26. janúar kl. 13.00.

**Guðrún Brynjólfsdóttir**
**Hildur Brynja Andrésdóttir** **Egill Örn Petersen**
**Linda Mjöll Andrésdóttir** **Páll Jakobsson**
**Linda María, Guðrún Lilja og Róbert Nökkvi**
**Jakob Felix og Andrea Arna**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásdís Steingrímsdóttir**
sjúkraliði,
Þangbakka 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þann 15. janúar. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 23. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Sigurður Guðjónsson** **Guðrún B. Kristmundsdóttir**
**Sigrún Guðjónsdóttir** **Ásmundur Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar elskulega

**Ingigerður Guðmundsdóttir**
Goðheimum 22, Reykjavík,

lést föstudaginn 12. janúar sl. á Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Útför hennar fer fram föstudaginn 19. janúar kl. 13.00 frá Langholtskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Jennýjar Lilju.

**Geir Ágústsson**
**Ágúst Geirsson** **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Ingi Örn Geirsson** **Soffía St. Sigurðardóttir**
**Guðmundur Geirsson** **Ásta Snorradóttir**
**Magni Þór Geirsson** **Fjóla Halldórsdóttir**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

# Halda afmælistónleika til heiðurs Janis Joplin

**Í kvöld verða haldir tónleikar til að heiðra minningu söngkonunnar Janis Joplin í Gamla Bíói. Á tónleikunum kemur fram hópur tónlistarfólks sem á það sameiginlegt að vera miklir aðdáendur Janis sem hefði orðið 75 ára í dag hefði hún lifað.**

Í tilefni þess að söngkonan Janis Joplin hefði orðið 75 ára gömul á þessum degi, hefði hún lifað, verða haldnir afmælistónleikar í Gamla Bíói í kvöld. Þar mun einvalalið tónlistarfólks koma fram. Allir úr hópnum eiga það sameiginlegt að vera miklir aðdáendur Janis.

„Já, það er óhætt að segja að við séum öll miklir aðdáendur. Sérstaklega söngkonurnar allar,“ segir Ingi Björn Ingason, einn skipuleggjandi tónleikanna. Þess má geta að Andrea Gylfa, Salka Sól, Bryndís Ásmunds, Stefanía Svavars og Lay Low munu syngja lög Janis á tónleikunum.

„Þetta er verkefni sem við Andrea Jónsdóttir útvarpskona erum að vinna saman. Við vorum bæði búin að hugsa um að gera þetta í smá tíma og byrjuðum svo að plana í lok október,“ útskýrir Ingi. Hann lofar miklu stuði í kvöld.

„Við erum búin að setja saman sérstakan Southern Comfort-drykkjaseðil en Southern Comfort var uppáhaldsdrykkur Janis. Þarna verða í boði nokkrar tegundir af Southern Comfort-kokteilum en ég efast um að nokkur drekki drykkinn eins og hún gerði,“ segir Ingi og hlær.

Til viðbótar við kokteila og góða músík mun Andrea Jónsdóttir deila fróðleik um líf og tónlist Janis. „Hún Andrea er náttúrulega svona alfræðiorðabók um sögu og ævi Janis,“ segir Ingi. Hann bætir við að miða á tónleikana sé hægt að kaupa á tix.is.

gudnyhronn@freddabladid.is



**Janis Joplin fæddist 19. janúar árið 1943. Hún lést árið 1970, 27 ára gömul.**
NORDICPHOTOS/GETTY

> **Við erum búin að setja saman sérstakan Southern Comfort-drykkjaseðil en Southern Comfort var uppáhaldsdrykkur Janis.**



Þökkum auðsýnda samúð og vinsemd við andlát föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

**Gunnars Vals Þorgeirssonar**
brunavarðar.

**Dætur, tengdasynir og aðrir aðstandendur.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Teitur Jónasson**
lést mánudaginn 1. janúar.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 19. janúar kl. 13.

**Halldóra Teitsdóttir** **Jónas Haraldsson**
**Ingveldur Teitsdóttir** **Gunnar Torfason**
**Haraldur Þór Teitsson** **Ylfa Edith Fenger**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Eiginmaður, faðir og bróðir,

**Jón Steinar Guðmundsson**
f. 31. desember 1947,

lést 9. janúar 2017 í Þrándheimi. Útför verður frá Svanholm 19. janúar kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið eða Svanholm.no.

**Rigmor K. Guðmundsson**
**Guðmundur Steinar**
**Magnús Ari** **Ina Terese**
**Gunnar Sverrir**
**María Helga** **Jón Reynir**
**Anna Sigríður**
**Kine og aðrir aðstandendur.**



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorvaldur Snæbjörnsson**
rafvirkjameistari,
Brekatúni 2, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 11. janúar sl. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 22. janúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahúss Akureyrar.

**Guðrún Margrét Kristjánsdóttir**
**Margrét Þorvaldsdóttir** **Pétur Björnsson**
**Snæbjörn Þorvaldsson** **Björk Guðmundsdóttir**
**Kristján Þorvaldsson** **Kristín Þórsdóttir**
**Sverrir Þorvaldsson** **Aðalheiður Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján Ólafsson**
frá Syðra-Velli í Flóa,
Unnarstíg 6, Reykjavík,

sem andaðist á Landspítala Háskólasjúkrahúsi í Fossvogi mánudaginn 8. janúar sl., verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 22. janúar kl. 13.00.

**Guðný Kristjánsdóttir**
**Gísli Kristjánsson**
**Þorvaldur Kristjánsson** **Jóna Ólafsdóttir**
**Flosi Kristjánsson** **Ragna Þórhallsdóttir**
**Sævar Kristjánsson**
**Pétur Kristjánsson**
**Ólafur Grétar Kristjánsson** **Íris Arnardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 19. JANÚAR 2018

# Má út skilin á milli tónlistar og leikhúss

Í næstu viku heldur hljómsveitin Godchilla veglega og óhefðbundna útgáfutónleika fyrir aðra plötu sína. Mikið verður lagt í búninga, sviðsmynd og andrúmsloft tónleikanna, sem sveitin kallar útgáfuathöfn. ➔2



**Hljómsveitin Godchilla ætlar að halda metnaðarfulla og óhefðbundna útgáfutónleika í næstu viku.** MYND/STEFÁN

JANÚARÚTSALAN Í FULLUM GANGI 20 - 50% AFSLÁTTUR
10% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM OG SÉRPÖNTUNUM

HYPE Borðstofustóll
kr. 39.900
NÚ KR. 19.950
-50%



Jersey TV skenkur kr. 119.400
NÚ KR. 59.700
-50%



150x40x50 cm



20 - 50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM PÚÐUM

-20%



Olaf Glerskápur
kr. 269.800
NÚ KR. 215.840

LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Hljómsveitin Godchilla hefur starfað í sjö ár og gaf út aðra breiðskífu sína, Hypnopolis, í október síðastliðnum. Platan er metnaðarfull og sveitin stefnir hátt, en laugardaginn 27. janúar heldur hún útgáfutónleika í Iðnó tileinkaða plötunni. Þar verða skilin milli tónleika og leikhúsverks máð út.

„Godchilla er tríó sem á rætur að rekja til Flúða og Reykjavíkur," segir Höskuldur Eiríksson, trommari sveitarinnar. „Sveitin var stofnuð af Hjalta Frey Ragnarssyni og Birgi Sigurjóni Birgissyni og ég gekk í hljómsveitina 2014."

## Dystópískur þungarokksbræðingur

„Tónlistinni okkar hefur verið lýst sem einhvers konar bræðingi af þungarokki, stoner, doom og sludge og svo er surf í ákveðnum lögum. Mér finnst vera pínu grunge í þessu líka. Þannig að þetta er þungarokksbræðingur," segir Höskuldur.

„Við drögum innblástur frá alls konar hljómsveitum sem eru í svipuðum geira, bæði íslenskum og erlendum. En goðsagnakenndur vísindaskáldskapur, geimverur, sértrúarsöfnuðir, ofskynjunarlyfjamenning og þess konar hugarheimur er pínu þráður í gegnum mestallt sem við höfum gert," segir Höskuldur. „Þemað á nýju plötunni er Hypnopolis, framtíðarborg í ekkert svo bjartri framtíð þar sem tækni og einræði er búið að ná völdum."

## Aukinn metnaður og annar stíll

„Þegar við fórum að taka upp fyrstu plötuna var ég nýbyrjaður í sveitinni og hafði lítil áhrif á lagasmíðar og annað," segir Höskuldur. „En núna má segja að þetta sé meira hópverkefni og við erum allir skráðir jafnt fyrir öllum lögum. Í þetta sinn var líka vandað meira til verka varðandi upptökur og ég myndi segja að munurinn á plötunum sé aðallega metnaðurinn og gæðin í vinnslunni."

Það má líka heyra stíl Höskuldar á plötunni, sem margir kannast við af plötum Plastic Gods, þungarokkssveitar sem Höskuldur hefur spilað með í rúman áratug. „Mig langar alltaf pínu að vera með óreiðu, sleppa beislinu smá og hafa þungar og hægar trommur," segir hann. „Á þessari plötu kemur það til dæmis vel fram í milliköflunum á Bum a smoke/Trash a car. Þar kemur svolítið kaótísk spilamennska með spunaívafi."



Höskuldur er vel menntaður og reyndur trommari og vinnur sem tónlistarkennari ásamt því að spila með Godchilla. MYND/STEFÁN

## Frábærir dómar og athygli að utan

„Nýja platan er búin að taka langan tíma í vinnslu. Það var vandað mjög til verka og við höfum verið nánast tvö ár að vinna hana," segir Höskuldur. „Hún hefur fengið vægast sagt frábærar viðtökur. Morgunblaðið valdi hana Rokksteypu ársins, Dordingull setti plötuna í fyrsta sæti yfir bestu innlendu plötur ársins og við fengum tilnefningu hjá Kraum. Svo höfum við fengið dóma héðan og þaðan, meðal annars að utan, sem hafa verið mjög jákvæðir.

Noisey, tónlistarvefur VICE, fjallaði líka um myndbandið sem við gerðum fyrir lagið Bum a smoke/Trash a car og það gerði heilmikið fyrir okkur," segir Höskuldur. „Við tókum stutt tónleikaferðalag um Bretland í sumar og þessi eina grein frá svona flottum og stórum miðli gerði það mun auðveldara að bóka tónleika og gaf okkur meiri trúverðugleika.

Myndbandið var frekar óvenjulegt. Það voru gerðar pappamassafígúrur í fullri stærð af okkur og í myndbandinu eru þær að slæpast og gera vitleysu," segir Höskuldur. „Lagið fjallar um heimskulega hluti sem ungt fólk á til að gera þegar það er eirðarlaust og í smá krísu með sjálft sig. Það var tekið upp nær eingöngu í Bryggjuhverfinu, en það var eitthvað við útlit hverfisins sem kveikti í okkur."

## Óhefðbundin útgáfuathöfn

Útgáfuathöfnin um næstu helgi verður ekki venjulegir tónleikar. „Við erum að reyna að þurrka út skilin milli tónleika og leikhúsverks. Það mætti segja að þetta væri hálfgert tónlistarleikhús," segir Höskuldur. „Það verður mikið lagt í búninga og sviðsmyndir og andrúmsloftið verður í ætt við einhvers konar athöfn hjá sértrúarsöfnuði úr vísindaskáldskap. Kristín Johnsen og Anton Logi Ólafsson sjá um sviðsmyndahönnunina og Alexía Rós Gylfadóttir hannar búningana og líklega höfum við eitthvert myndefni með okkur og jafnvel einhverjar brellur.

Við erum að leggja mjög mikið í þætti sem er yfirleitt lítið pælt í. Það hefur alltaf verið hluti af markmiði Godchilla að blanda öðrum listformum inn í það sem við erum að gera," segir Höskuldur. „Biggi og Hjalti eru líka í hljómsveit sem heitir Panos From Komodo og þar er líka mikið af gjörningapælingum. Við erum bara það miklar listaspírur að við viljum gera eitthvað öðruvísi og hafa þetta meira en bara tónleika.

Ástæðan fyrir því að tónleikarnir eru haldnir svona löngu eftir útgáfu plötunnar er að við vildum fá flottan tónleikastað og gera þetta vel," segir Höskuldur. „Útgáfuathöfnin verður pínu kaflaskil og nú ætlum við að fara að einbeita okkur að nýju efni og fækka tónleikum. Þetta er tækifæri til að sjá plötuna flutta í heild sinni áður en við förum að einbeita okkur að nýju efni, þróa okkar pælingar lengra og spila meira erlendis. Við höfum spilað mikið undanfarið og efnið af plötunni hefur fengið að hljóma á tónleikum í nokkurn tíma."

## Tónlistin er aðalstarfið

Höskuldur hefur spilað með mörgum ólíkum sveitum undanfarin ár, meðal annars Amabadama, Plastic Gods, Mælginn og Halleluwah, en Godchilla er nú orðið aðalverkefnið. „Ég fékk pínu leið á því að vera í alltof mörgum verkefnum og í hálfgerðum aukahlutverkum," segir hann. „En ég hef líka verið að tromma með Óreglu og spilað inn á plötur, til dæmis sólóplötuna hans Ragnars Ólafssonar. Þannig að núna spila ég bara með örfáum hljómsveitum og einbeiti mér meira að tónlistarkennslu."

Höskuldur hefur bachelor-gráðu í skapandi tónlistarmiðlun frá Listaháskóla Íslands og kennir tónlist í grunnskóla. „Ég kenni í Fellaskóla, Sæmundarskóla og í Klettaskóla, en þar kenni ég þroskaheftum börnum, sem er með því skemmtilegasta sem ég geri. Ég sé um hljómsveitarsmiðjur, trommukennslu og hefðbundna tónmennt."

Höskuldi hefur því tekist það sem marga langar til, sem er að gera tónlistina að aðalstarfi sínu. „Það eru alltof margir að bera fram kaffi og kökur, þannig að það er mjög ánægjulegt," segir hann.



Godchilla ásamt Kristínu Johnsen, sviðsmyndahönnuði og Alexíu Rós Gylfadóttur, búningahönnuði. MYND/STEFÁN



Godchilla ætlar að leggja mikið í sviðsmynd og andrúmsloft tónleikanna um næstu helgi. MYND/ÓÐINN DAGUR BJARNASON



ERTU MEÐ AUGNÞURRK?
Hyprosan augndropar – við augnþurrki
- Án rotvarnarefna
- Hægt að nota með augnlinsum
- Fæst án lyfseðils í apótekum

Hyprosan augndropar innihalda hypromellósa og eru ætlaðir til meðferðar við augnþurrki, þ.m.t. glæru- og tárusiggi (keratoconjunctivitis sicca), hjá fullorðnum. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðil fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og auakverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.sérlyfjaskrá.is. Nóvember 2017.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@365.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@365.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.ls, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.ls, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.ls, s. 512 5433 | Ruth Bergsdóttir, ruth@365.is, s. 512 5095,

# Greiðsluleiðir

FÖSTUDAGUR 19. JANÚAR 2018

**Kynningar:** Síminn, Aur app, Greiðslumiðlun, Reiknistofa bankanna, Verifone á Íslandi




Mikil þróun er fram undan á appinu og nú þegar komnar nýjungar inn, segir Bryndís. MYND/ANTON BRINK

# Allir geta borgað með Símanum

Hægt er að greiða með Síminn Pay á yfir 200 sölustöðum og fjölgar þeim hratt þessar vikurnar. Nú má einnig skrá fyrirtækjakort í appið og fá kvittanir sendar í tölvupósti. Síminn býður öllum, óháð fjarskiptafyrirtæki, að greiða fyrir vörur og þjónustu og halda utan um útgjöld með Síminn Pay. →2


Hægt er að greiða með Símanum á kaffihúsum og mörgum fleiri stöðum.

**Framhald af forsíðu ➪**

Síminn færir veski landsmanna yfir í símtækin. Appið mun von bráðar leysa vildar- og klippikort notenda af hólmi. Stefnan er að þeir fái betri kjör. Við erum að einfalda líf fólks með Síminn Pay,“ segir Bryndís Þóra Þórðardóttir, sérfræðingur í nýsköpun hjá Símanum. Greiðslulausn Símans fór á markað í september á síðasta ári og má nú greiða með símanum á yfir 200 sölustöðum.

### Allar kvittanir á einum stað

„Mikil þróun er fram undan á appinu og nú þegar komnar nýjungar inn. Núna getur fólk til að mynda skráð fyrirtækjakort til leiks. Það einfaldar málið mjög að halda utan um eyðslu og bókhaldið því notandinn getur sent rafrænu kvittanirnar, sem sýna hvað keypt var, úr appinu í tölvupósti,“ segir hún.

„Við erum að færa Símann inn í snjallviðskipti og gera söluaðila samkeppnishæfari með því bæði að gefa þeim kost á að þekkja viðskiptavinina betur og að geta boðið þeim betri kjör og tilboð í gegnum Síminn Pay,“ segir hún.

„Það eru gríðarlegar breytir á næstu misserum í fjártækniheiminum vegna nýrrar reglugerðar sem opnar á nýja samkeppni á fjármálamarkaðnum. Í því liggja mörg spennandi tækifæri fyrir nýja aðila og munu notendur sjá miklar breytingar og þróun á næstu árum. Síminn ætlar að taka þátt í þessari breytingu.“

> „Síminn Pay er ókeypis app sem sótt er í Play Store eða App Store og skráir notandinn kortin sín þar inn.
>
> Bryndís Þóra Þórðardóttir

### Greiðslulausn fyrir alla

Síminn Pay er greiðslulausn þróuð í samstarfi við Advania Mobilepay og fetar Síminn í fótspor tæknirisanna Apple og Samsung sem bjóða sínar greiðslulausnir undir sama nafni. „Okkar lausn hefur það fram yfir aðrar að hún er sérsniðin að innlendum verslunum og landsmönnum,“ segir Bryndís.

„Síminn Pay er örugg greiðslulausn. Engar kortaupplýsingar eru geymdar í appinu og þarf notandinn alltaf að staðfesta greiðslu með fingraskanna eða PIN-númeri. Áhyggjur við notkunina eru því óþarfar.“

### Appið sótt í Play- eða App Store

Síminn Pay er ókeypis app sem sótt er í Play Store eða App Store og skráir notandinn kortin sín þar inn. Þegar kemur að því að greiða er appið opnað, kortið sem nota á valið, mynd tekin af QR kóða við afgreiðsluborðið og varan greidd á einfaldan hátt. Kaupin eru staðfest með PIN eða fingraskanna. Kvittanir eru rafrænar og týnast því ekki.


Bryndís Þóra Þórðardóttir, sérfræðingur í nýsköpun hjá Símanum. MYND/ANTON BRINK



## Viltu vinna iPhone X?

Allir sem greiða með Síminn Pay í janúar fara í pott og verður heppinn þátttakandi dreginn út og fær eitt stykki iPhone X. Síminn Pay appið frá Símanum er í boði fyrir alla, óháð fjarskiptafyrirtæki og banka, og virkar því fyrir öll íslensk debetkort og kreditkort. Þú skilur veskið einfaldlega eftir heima.





## Snertilaus greiðsla í Síminn Pay

Það styttist í að einnig verði hægt að greiða snertilaust með Síminn Pay. Þá verður enn einfaldara að greiða með símanum. QR-kóðinn er örugg leið til að greiða og sú lausn sem er í boði í dag, en það hillir í að hægt verði að bera símann upp að posanum og greiða fyrir þjónustu og vörur. Erlendis hefur þessi leið verið kölluð Tap&Go og er hún víða notuð í nágrannalöndum okkar,“ segir Bryndís Þóra Þórðardóttir, sérfræðingur í nýsköpun hjá Símanum. „Síminn vinnur einnig að þessari lausn hér á landi og verður snertilaus greiðsla hluti af Síminn Pay innan skamms.“

## Þessir staðir eru meðal þeirra sem bjóða Síminn Pay:

- 10-11
- Nettó
- Te og kaffi
- Kaffitár
- Olís
- Quiznos
- Dunkin’ Donuts
- Samkaup Strax
- Samkaup Úrval
- Iceland
- NTC

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: Visir.is

# Borgaðu og fáðu greitt með farsímanum

**Aur appið býður upp á einfalda leið til að taka við greiðslum og senda rukkanir með því að vita eingöngu símanúmer viðtakanda. Einnig er hægt að taka lán upp að einni milljón með appinu og sækja um fyrirframgreitt kreditkort. Verkefnastjórar segja neytendur tilbúna til að segja bless við bankann.**

Aur appið var stofnað árið 2015 og var fyrsta greiðslumiðlunarappið á Íslandi. Hjá Aur eru eingöngu tveir starfsmenn og yfirbyggingin því mjög lítil. Frá upphafi höfum við lagt mikla áherslu á að vera fremst í flokki með nýjungar í greiðslumiðlun. Árið 2016 byrjuðum við að bjóða verslunum að taka við greiðslum í gegnum Aur, bæði er boðið upp á greiðslu í gegnum vefverslanir sem og í hefðbundinni verslun. Appinu hefur verið gríðarlega vel tekið og hefur notendum fjölgað jafnt og þétt og eru virkir notendur nú rúmlega 40.000," segir Sævar Már Þórisson, verkefnastjóri hjá Aur.

### Er hægt að segja bless við bankann?

Sævar segir lengi hafa verið kallað eftir aukinni samkeppni á fjármálamarkaði á Íslandi. Aur hafi veitt virka samkeppni allt frá upphafi:

„Í lok síðasta árs kynntum við tvær nýjungar sem vöktu mikla athygli. Aur lán sem eru allt að 1 milljón króna til allt að 24 mánaða. Sótt er um lán í appinu sem er alltaf opið, engar biðraðir og tími frá umsókn til útgreiðslu er í kringum ein mínúta. Á þeim tíma hefur umsækjandi farið í gegnum greiðslumat og fengið allar upplýsingar um lánskostnað, árlega hlutfallstölu kostnaðar og greiðsluflæði. Á sama tíma opnuðum við fyrir umsóknir fyrirframgreiddra MasterCard greiðslukorta en samkvæmt samanburðarsíðunni aurbjorg.is er Aur kortið ódýrasta kreditkortið á markaðnum. Kortin eru án árgjalda, stofngjalds og færslugjalda. Kortin eru snertilaus og hægt er að borga hvar sem er í heiminum með Aur greiðslukorti. Notendur okkar hafa tekið gríðarlega vel í þessar tvær nýjungar og hefur fjölgað hratt undanfarinn mánuð, það er því greinilegt að fólk er tilbúið að stíga fyrstu skrefin í að segja bless við bankann."




Hlynur Hauksson og Sævar Már Þórisson hjá Aur. MYND/ANTON BRINK

### Aur styttir tíma

Hlynur Hauksson hefur starfað hjá Aur í um eitt ár og hefur tekið eftir örum breytingum á markaði fyrir greiðslulausnir á þeim tíma: „Í nútímasamfélagi er sífellt mikilvægara að bjóða fólki upp á lausnir sem spara tíma og stytta leiðir. Aur gefur notendum sínum kost á að klára á nokkrum sekúndum að borga einhverjum, rukka einhvern eða skipta kostnaði. Það er engin þörf á því að fá bankaupplýsingar og kennitölu því nóg er að vita símanúmer þess sem á að borga eða rukka."

### Er flókið að setja Aur upp?

„Alls ekki. Það eina sem þarf að gera er að velja sér PIN númer, til að tryggja öryggi notanda, og skrá svo inn upplýsingar um bankareikning sem notandi vill að greiðslur til sín fari inn á og kortanúmer á því korti sem taka á út af. Hægt er að skrá bæði debet- og kreditkort sem greiðslumöguleika í appinu. Ekki er hægt að komast inn í appið án þess að slá inn PIN númer."

### Virkar appið í öllum símum?

„Aur appið er fyrir alla iPhone og Android síma og skiptir engu máli hjá hvaða símafélagi notandi er eða í hvaða banka. Aur appið er fyrir alla."

### Kostar eitthvað að nota appið?

„Aur millifærslur kosta ekkert ef debetkort er notað, en hóflegt færslugjald er innheimt ef kreditkort er notað."

### Aur posi fyrir netverslanir

„Aur posi hentar einstaklega vel fyrir netverslanir en með því að nota Aur sem greiðsluleið styttist kaupferlið og eykur þar með líkurnar á sölu," segir Hlynur. „Sífellt fleiri netverslanir bjóða upp á Aur sem greiðsluleið vegna þess hve einfalt er að borga. Það eru allir alltaf með símann við höndina en ekki veskið. Þegar borgað er með Aur er nóg að slá inn símanúmerið og staðfesta svo greiðsluna í appinu. Það er því engin þörf á að að slá inn kortaupplýsingar. Dæmi um netverslanir sem nota Aur sem greiðsluleið eru t.d. Domino's, tix.is, Nova, midi.is og Húrra Reykjavík. Við höfum nú þegar lokið vinnu við uppsetningu í þremur stórum netverslunarkerfum; Shopify, Woocommerce og SmartMedia og erum á fullu að bæta fleiri möguleikum við."

# Verum óhrædd en gagnrýnin

**Hjalti Freyr Kristinsson kerfisfræðingur stendur að baki myntfrelsi.is. Þar er hægt að sækja frítt námskeið í notkun á rafmynt og nota einfalda myntbreytu til að sjá verðmæti vinsælla rafmynta.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



*Hvað er rafmynt?* Rafmynt er gjaldmiðill á rafrænu formi, byggð á dulkóðun í þeim tilgangi að senda stafrænar upplýsingar með upphæðum á milli fólks. Í dag eru fjölmargar rafmyntir í gangi en hver og ein tengist sínum eigin bókhaldsreikningi sem á tæknimáli kallast „blockchain". Hann heldur utan um allar færslur sem eiga sér stað á milli notenda og tryggir að færslurnar séu raunverulegar.

*Hverjir nota rafmynt?* Þeim fjölgar stöðugt um allan heim sem taka við rafmynt. Einstaklingar og fyrirtæki nota rafmynt sín á milli og það er aðeins tímaspursmál hvenær rafmynt verður orðin jafn algeng og notkun greiðslukorta.

*Í hvað er rafmyntin notuð?* Fólk hefur mismunandi ástæður fyrir notkun rafmyntar. Einhverjir líta á hana sem nýja, óháða og milliliðalausa leið til að senda upphæðir sín á milli, aðrir eru að uppgötva hagkvæmnina sem felst í lægri færslugjöldum og mun skemmri tíma á greiðslum, og þá líta margir á rafmynt sem fjárfestingu og vænta þess að hagnast vel þegar gengi á henni hækkar.

*Er tekið við rafmynt á Íslandi?* Eins og er fer ekki mikið fyrir þeim en á komandi tímum verður það áberandi. Allt snýst þetta um eftirspurn ásamt hagkvæmni fyrir kaupendur og eftir því sem fleiri kynna sér rafmynt verður eftirsóknarverðara að taka við henni sem greiðslu. Enn sem komið er mikla margir fyrir sér hvað þetta geti mögulega verið flókið en notkun rafmyntar er í raun jafn sáraeinföld og greiðslulausnir í snjallsímum. Það er einfaldlega kveikt á viðkomandi snjallforriti, það tengt við snjalltækin og staðfest upphæð send á milli.

*Eru Íslendingar duglegir að tileinka sér notkun rafmyntar?* Það tekur alltaf tíma fyrir nýja hluti að komast í almenna notkun, en Íslendingar eiga það sameiginlegt að vera fljótir að meðtaka tækninýjungar og nýta sér það sem gagnast vel. Umræða og áhugi á rafmynt færist í aukana. Fyrir ári var varla minnst á rafmynt en nú líður varla sú vika að ekki birtist grein sem tengist rafmynt. Ég mæli með að allir kynni sér málið, fái sér smávegis inneign í rafmynt og læri grunnatriðin í notkun hennar. Þeim mun auðveldara verður að nýta sér rafmynt á þann hátt sem hún getur gagnast okkur en hræðslan við hið óþekkta er yfirleitt það sem heldur okkur frá áframhaldandi þróun. Verum óhrædd en samt gagnrýnin.



Hjalti Freyr Kristinsson er kerfisfræðingur hjá Ljóseind og myntfrelsi.is. MYND/ANTON BRINK

*Hver er verðmætasta rafmyntin?* Í dag er Bitcoin vafalaust þekktasta og verðmætasta rafmyntin, en margar aðrar eiga eflaust eftir að taka fram úr Bitcoin. Á Íslandi kannast líka margir við rafmyntina Auroracoin sem væri frábær leið fyrir Íslendinga að byrja notkun á rafmynt okkar á milli.

*Hvar kaupir maður rafmynt?* Margar leiðir er færar til að kaupa rafmynt á netinu, í gegnum kauphallir og ýmiss konar kaupþjónustur. Kostir Íslendinga eru þó takmarkaðri því það taka ekki allir við íslenskum kortum. Á myntfrelsi.is er hægt að skoða ýmsar leiðir til að kaupa rafmynt, og þar gefst áhugasömum kostur á ókeypis námskeiði í grunnnotkun og kaupum á rafmynt. Nokkur atriði þurfa að vera á hreinu áður en haldið er af stað við kaup á rafmynt, svo sem að setja upp rafrænt veski, öryggisatriði og hvernig millifærslur eru framkvæmdar. Þá er hægt að kaupa Auroracoin í íslensku kauphöllinni ISX.

*Er skynsamlegt að fjárfesta í rafmynt nú þegar hún hefur verið að falla í verði?* Já, margir líta á það sem tækifæri til að kaupa rafmynt á útsölu. Rafmynt mun hækka og lækka eins og annað, en hver og einn þarf að taka sína eigin upplýstu ákvörðun um hvenær taka á af skarið. Mörgum reynist líka erfitt að skilja gengi rafmynta hverju sinni og á myntfrelsi.is er einföld myntbreyta þar sem hægt er að slá inn upphæðir helstu gjaldmiðla til að auðvelda áhugasömum að skilja verðmæti upphæðanna.

*Hvernig sérðu framtíðina fyrir þér þegar kemur að greiðsluleiðum með rafmynt?* Það mun líklega verða undantekning ef ekki verður tekið við rafmynt. Fjölmargir spennandi möguleikar eru í gangi, og ýmislegt nýtt að opnast fyrir okkur sem neytendur og rekstraraðila. Við þurfum bara að vera opin fyrir því sem koma skal og annaðhvort undirbúin eða ekki.

Sjá nánar á myntfrelsi.is og isx.




Greiðslur með Pei eru einfaldar og öruggar, auk þess að vera fljótlegar í framkvæmd.

# Öruggar greiðslur með Pei

**Pei er einföld greiðslulausn sem gerir viðskiptavinum kleift að ganga frá kaupum á öruggan og einfaldan máta. Hægt er að skrá sig inn á pei.is til að sjá sína heimild en ekki eru gerðar kröfur um að vera skráður til að versla með Pei, að sögn Arnars Helga Jónssonar, ráðgjafa hjá Pei.**

Greiðslur með Pei eru einfaldar og öruggar, auk þess að vera fljótlegar í framkvæmd,“ segir Arnar Helgi Jónsson, ráðgjafi hjá Greiðslumiðlun. „Allt ferlið er rafrænt og það tekur enga stund að klára kaupin sem þýðir að einstaklingur getur verslað í búðum eða á netinu án þess að eiga eða nota greiðslukort,“ útskýrir hann.

### Þú stjórnar ferðinni

Einn af kostunum við Pei er að hver og einn stjórnar ferðinni sjálfur og getur fylgst vel með öllum færslum á sínu heimasvæði. „Þegar verslað er hjá einum af 700 söluaðilum Pei þarf einungis að gefa upp kennitölu og auðkenningu. Þegar salan hefur átt sér stað stofnast greiðsluseðill í netbankanum og einstaklingurinn hefur 14 daga til að greiða hann. Einnig er hægt að fá aukalega 30 eða 60 vaxtalausa daga sem gert er á sínu svæði inni á pei.is. Sem dæmi, ef þú verslar með Pei í dag og nýtir þér 60 lausnina þá er eindaginn á greiðsluseðlinum ekki fyrr en í byrjun apríl,“ upplýsir Arnar Helgi en þetta getur einmitt hentað vel núna þegar útsölur standa sem hæst.

Ef um hærri upphæð er að ræða má dreifa greiðslum til allt að 36 mánaða. Hámarksheimild sem einstaklingur getur fengið er allt að 1,9 milljónir króna.

### Einfaldari kaup

Pei var sett á markað í byrjun árs 2016 og frá þeim tíma hefur verið unnið að því að einfalda öll kaup með þessari greiðsluleið, ekki síst á netinu. „Við höfum frá upphafi fengið frábærar viðtökur og viðskiptavinir Pei verið mjög ánægðir með þjónustuna,“ segir Arnar Helgi.

Þegar verslað er á netinu með Pei er allt ferlið eins einfalt og kostur er. Á netinu er líka hægt að skipta niður greiðslum til allt að 36 mánaða eða nýta sér 30/60 lausnina. Hver og einn getur svo fylgst með stöðunni á sínu heimasvæði á pei.is.

*En hvernig er borgað með Pei?*

„Þú einfaldlega segir að þú viljir borga með Pei því við gerum ekki kröfu um að einstaklingur sé forskráður. Við mælum hins vegar með að skrá sig inn á pei.is á einfaldan og fljótlegan hátt. Þar parar þú saman kennitöluna og símanúmerið þitt svo að ferlið við að versla verði fljótlegra. Í verslun getur þú þá auðkennt þig með að fá sms-kóða sendan í símann þinn við afgreiðsluborðið,“ svarar Arnar Helgi.

Það kostar ekkert að skrá sig á pei.is, hvorki fyrir einstaklinga né fyrirtæki.

„Pei er hagkvæmur kostur fyrir fyrirtæki og það kostar ekkert aukalega að bjóða viðskiptavinum upp á þessa greiðsluleið. Hægt er að senda póst á pei@pei.is og ganga frá samstarfssamningi,“ bendir Arnar Helgi á.

> **Þegar verslað er hjá einum af 700 söluaðilum Pei þarf einungis að gefa upp kennitölu og auðkenningu. Við það stofnast greiðsluseðill sem þarf ekki að greiða fyrr en eftir 14 daga.**
>
> Arnar Helgi Jónsson

Hægt er að fá frekari upplýsingar um Pei greiðsluþjónustu á heimasíðunni pei.is eða með því að hringja í síma 527 5400.



„Þegar verslað er hjá einum af 700 söluaðilum Pei þarf einungis að gefa upp kennitölu og auðkenningu,“ segir Arnar Helgi. MYND/ANTON BRINK


pei
Borgaðu eftir **14 daga**
eða dreifðu kaupunum
á **36 mánuði**
Farðu á pei.is/heimild
og skoðaðu þína heimild!
Einföld og örugg
leið til að versla á netinu



Aðalgeir Þorgrímsson heldur hér á Kvitt-greiðslunema RB. MYNDIR/ANTON BRINK

# Ný greiðslulausn sem fækkar milliliðum

RB (Reiknistofa bankanna) er að setja á markað nýja farsímagreiðslulausn, Kvitt, sem byggir á beinum millifærslum á milli kaupanda og seljanda. Afar einföld lausn sem felur í sér mikinn sparnað og hagræði fyrir söluaðila og þægindi fyrir kaupendur.

Aðalgeir Þorgrímsson, framkvæmdastjóri Sérlausna RB, segir að fyrirtækið sé að koma á laggirnar nýrri farsímagreiðslulausn sem er einstæð hér á landi. „Kvitt er nýjung sem gerir kaupanda kleift að greiða fyrir vörur og þjónustu með sjálfvirkri millifærslu af eigin bankareikningi yfir á bankareikning söluaðila. Það eina sem viðskiptavinurinn þarf er farsíminn sinn til að geta greitt með tilheyrandi þægindum. Í verslunum verður komið fyrir litlum greiðslunema og það eina sem þarf að gera er að leggja símann upp að honum og staðfesta greiðsluna til að millifærslan eigi sér stað,“ útskýrir Aðalgeir. „Þetta mun taka örskotsstund og er ákaflega þægilegt í notkun,“ bætir hann við.

Ávinningur fyrir verslunareigandann er einnig mjög mikill með Kvitt. „Lausnin er einföld og notar ekki undirliggjandi kortaskema eins og aðrar greiðslulausnir. Það er því hægt að ná fram gríðarlegri hagræðingu í rekstri miðað við kortagreiðslur. Kvitt getur skilað allt að 60-70% sparnaði fyrir söluaðila miðað við kortin. Við höfum orðið vör við mikinn áhuga hjá söluaðilum því þeir sjá fram á mikla hagræðingu með Kvitt.

Sömuleiðis býður Kvitt upp á spennandi nýjungar í flæði í verslunum. Það eru engin kort og enginn QR kóði til að flækja málin sem skapar sveigjanleika sem við höfum ekki haft áður. Við höfum verið að prufukeyra þetta fyrirkomulag með mjög góðum árangri. Möguleikarnir eru margir, til dæmis væri hægt að hafa nokkra greiðslunema til móttöku á greiðslu við afgreiðslukassa. Með því móti er hægt að hraða afgreiðslu til muna. Aðalmálið er að lausnin er sveigjanleg og gefur söluaðila tækifæri til að breyta afgreiðsluferlinu í samræmi við hans þarfir,“ segir Aðalgeir.

Kvitt er ekki ósvipað og debetkort að því leyti að viðskiptavinurinn staðgreiðir vöruna. Peningurinn fer beint út af bankareikningi viðkomandi og yfir á reikning söluaðila. Gríðarlegt hagræði felst í því fyrir verslunina að fá greiðsluna beint inn á reikning sinn án viðkomu hjá milliliðum. Aðalgeir segir að síðan verði auðvelt að byggja upp alls kyns þjónustu í kringum greiðslulausnina, til dæmis greiðsludreifingu. „Ef ekki er næg innistæða á reikningnum gæti bankinn t.d. boðið yfirdrátt eða greiðsludreifingu á einfaldan hátt,“ segir hann.



Kvitt þróunarhópur er ánægður með viðtökur við þessari glænýju greiðsluleið RB.

Fyrst um sinn verður aðeins hægt að nota Kvitt á Íslandi. Sambærilegar lausnir hafa verið að ryðja sér til rúms í Danmörku, Noregi, Hollandi og víðar en Ísland hefur dregist aftur úr hvað varðar notkun farsímagreiðslulausna samanborið við nágrannalöndin.

Kvitt er þessa stundina í prófunum hjá Elko, Farmasíu, Húsasmiðjunni, IKEA og Krónunni. „Við erum virkilega ánægð með að hafa fengið slíka lykilaðila í smásölu til samstarfs í prófunarfasanum. Jákvæðar undirtektir söluaðila sýna enn fremur að Kvitt á fullt erindi á markað og er öðruvísi en núverandi greiðslulausnir.“

Aðalgeir áréttar að á meðan prufufasinn er í gangi geti aðeins afmarkaður hópur greitt með Kvitt í þessum verslunum. Á næstunni muni hins vegar fyrirtækjum sem bjóða upp á Kvitt fjölga. „Við hjá RB byggjum á traustum grunni,“ segir Aðalgeir. „RB hefur verið leiðandi í uppbyggingu og rekstri greiðslukerfa landsmanna. Við hlökkum til að geta boðið almenningi upp á Kvitt og breyta þannig landslagi greiðslulausna á Íslandi.“



Það eina sem þarf er farsíminn en hann er lagður upp að greiðslunema Kvitt í verslunum.

Kvitt er afar einföld lausn og þægileg í notkun, engin kort sem þarf að setja inn, enginn QR kóði.

- Opnar appið og velur að borga
- Berð símann að kubbi merktum Kvitt
- Staðfestir upphæðina sem birtist á símanum

Nánari upplýsingar um Kvitt greiðslulausnina fást hjá RB, Höfðatorgi, sími 569 8877 eða á heimasíðunni kvitt.is



Borgun auðveldar viðskipti á netinu
Viltu taka við greiðslum á vefnum eða með appi? Borgun býður fjölbreyttar lausnir svo þú getir nýtt þér tækifærin á netinu og tekið við greiðslum í vefverslun.
VISA
VISA
DISCOVER
BORGUN

# Greiðslulausnir fyrir allar gerðir verslana og fyrirtækja

Verifone á Íslandi býður upp á fjölbreyttar og öflugar lausnir í posum fyrir stór og smá fyrirtæki og verslanir. Núna er verið að skipta út eldri tækjum og fram undan eru ýmsar spennandi nýjungar.

Verifone á Íslandi er leiðandi fyrirtæki í greiðslulausnum og býður upp á leigu á bæði handfrjálsum og sjálfstandandi posum auk posa sem eru tengdir við afgreiðslukerfi. Fyrirtækið er að fullu í eigu alþjóðalega fyrirtækisins Verifone Systems, Inc. sem hefur starfsstöðvar í meira en 150 löndum og því óhætt að segja að mikil þekking og reynsla búi hjá starfsmönnum Verifone að sögn Guðmundar Jónssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins. „Um þessar mundir er útskiptum á eldri tækjum að ljúka og nú geta allir posar hjá Verifone tekið við snertilausum greiðslum frá American Express, MasterCard, Visa og Apple Pay en þær flýta fyrir afgreiðslu á lægri upphæðum.“

## Nýjar greiðsluleiðir

Síðar á árinu mun Verifone á Íslandi opna fyrir notkun á blátönn (e. bluetooth) í posum til að taka við greiðslum með snjallsímum sem mun opna fyrir nýjar greiðsluleiðir og þjónustur segir Guðmundur. „Það mun opna á nýja möguleika, bæði fyrir núverandi og nýja samstarfsaðila, til að innleiða greiðslulausnir sem byggja á snjallsímaforritum fyrir bæði iOS og Android síma. Verslanir geta þannig tekið upp nýjar greiðsluleiðir án þess að leggja út í dýran þróunarkostnað. Neytendur fá um leið fjölbreyttara val nýrra greiðslumáta, val um hvað hentar hverjum og einum best ásamt notkun á snjallsíma við greiðslu.“

Verifone á Íslandi mun á þessu ári hefja vinnu við innleiðingu á fjórðu kynslóð af posum frá því fyrirtækið var stofnað árið 1995 að sögn Guðmundar en um er að ræða nýja línu frá Verifone sem nefnist Engage. „Verifone hefur undanfarin ár boðið upp á mjög breiða línu af posum en við höfum ávallt valið öflug tæki til notkunar á Íslandi enda er kortanotkun mikil hér og kröfur miklar um leið.



Við innleiðinguna tökum við upp sömu hugbúnaðarlausnir og eru í notkun á Norðurlöndum og getum fyrir vikið boðið upp á breiðara vöruframboð.“

Sem dæmi nefnir hann greiðslulausn sem getur verið úti við og ómönnuð auk greiðslulausnar sem hentar vel spjaldtölvum. „Ísland á mikla samleið með Norðurlöndunum en þar er kortanotkun mjög mikil eins og á Íslandi auk þess sem töluverð þróun á nýjum greiðslulausnum á sér þar stað, sérstaklega sem tengjast greiðslu með snjallsímum.“

## Víðtækari þjónusta

Verifone er ekki bara í þróun á sérhæfðum hugbúnaði heldur hannar og framleiðir Verifone einnig allan vélbúnað sem gerir þeim kleift að bæta nýjum þörfum inn strax á hönnunarstigi. „Með nýrri kynslóð af posum kynnir Verifone einnig markaðstorg þar sem samstarfsaðilar Verifone geta þróað og boðið ýmsa þjónustu í posum sem eru virðisaukandi fyrir verslun og þjónustu. Dæmi um það eru t.d. auglýsingar, kannanir fyrir viðskiptavini, tryggðarkerfi o.fl. Þannig að við eigum eftir að sjá fjölbreyttari not fyrir posana en bara móttöku á greiðslu. Einnig er ný kynslóð vélbúnaðar vottuð samkvæmt nýjustu öryggisstöðlum (PCI PTS) og það verður enn betri stuðningur við blátönn, og handfrjálsu tækin koma með stuðningi við 4G og hafa enn betri rafhlöðuendingu.“

Nánari upplýsingar má finna á verifone.is.



„Verifone hefur undanfarin ár boðið upp á mjög breiða línu af posum þannig að við höfum geta valið öflug tæki til notkunar á Íslandi,“ segir Guðmundur Jónsson, framkvæmdastjóri Verifone á Íslandi. MYND/ANTON BRINK






NÝTT ÁR
NÝ MARKMIÐ
ENGIN BINDING
BIKINI BODY BLAST
360 TOTAL BODY
FITNESS BOX
BETRA FORM
THE GLUTE WORKSHOP
FITNESS ÁSKORUN
INFRARED FUSION PILATES
UNGLINGA-HREYSTI
INFRARED POWER TONING
STRONG IS THE NEW SKINNY
BETRA LÍF
STRONG BODY BURN
Brandenburg | SÍA
NÝ NÁMSKEIÐ 2018
Í nýrri stöð í Faxafeni 14 finnurðu allt sem þarf til að koma þér aftur af stað. Ný námskeið að hefjast og öflugir hóptímar í boði. Stundaskrá gildir frá 8. janúar.
Sjö stöðvar · Þrjár sundlaugar · reebokfitness.is
Reebok FITNESS

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
SKODA Octavia Ambition Sjálfsk. Árgerð 2017, ekinn aðeins 9 Þ.KM. Verð 3.390.000. Rnr.136488..



**100% LÁN**
SKODA Octavia Active. Árgerð 2014, ekinn 52 Þ.KM, dísel. Verð 2.390.000. Rnr.136611.



**100% LÁN**
SKODA Octavia Combi beinsk. Árgerð 2012, ekinn 65 Þ.KM, bensín. Verð 1.980.000. Rnr.136165.

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
SKODA Octavia Ambition Sjálfsk.. Árgerð 2015, ekinn aðeins 21 Þ.KM, bensín. Verð 3.090.000. Rnr.136489.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

## Hópferðabílar



**RÚTUR TIL SÖLU**
Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir litarhætti

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**

- MÚRVINNA
- FLÍSALAGNIR
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA

TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !
Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is
**Múrum og smíðum ehf**

**NULL**
Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569






## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu




Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Nudd. Nuddstofan, opið frá 09-19. S. 789 5452

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu húsnæði, Hárgreiðslustofa í félagsmiðstöðinni Furugerði 1,108 Rvk. Stofan laus nú þegar. Uppl. í s. 411-2740 hjá Helgu Haralsd eða í tölvupósti helga.bjork.haraldsdottir@reykjavik.is

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúðum fyrir erlenda starfsmenn á höfuðborgarsv.. Uppl. í s: 895 2220

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
